



RÁÐSTÖFUN FRAMLAGA TIL ÆSKULÝÐSMÁLA

MARS 2013



RÍKISENDURSKOÐUN

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM.....	5
1 INNGANGUR	6
1.1 Tilefni úttektar	6
1.2 Afmörkun úttektar	6
2 FRAMLÖG RÍKISINS TILÆSKULÝÐSMÁLA	9
2.1 Lagarammi og reglur um veitingu framlaga	9
2.2 Fjárhæð framlaga 2001–2010	12
2.3 Ákvarðanataka um framlög, skilyrði og eftirlit	14
3 RÁÐSTÖFUN FRAMLAGA	16
3.1 Ungmennafélag Íslands (UMFÍ)	16
3.2 Bandalag íslenskra skáta (BÍS)	17
3.3 Útlífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni.....	19
3.4 KFUM og KFUK á Íslandi.....	19
3.5 Æskulýðsmiðstöð KFUM og KFUK í Vatnaskógi	22
3.6 Landssamband æskulýðsfélaga	23
3.7 Upplýsingar úr ársreikningum styrkþega.....	26
4 FYRIRKOMULAG MÁLA ANNARS STAÐAR Á NORÐURLÖNDUM	28
VIÐAUKI 1 AÐILAR SEM VEITTU UPPLÝSINGAR UM RÁÐSTÖFUN FRAMLAGA	30
VIÐAUKI 2 FRAMLÖG TIL ÆSKULÝÐSMÁLA 2001-2010 EFTIR STYRKPEGUM	31
VIÐAUKI 3 LYKILTÖLUR UM REKSTUR OG EFNAHAG STÆRSTU STYRKPEGA.....	35

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Ríkið hefur um langt árabil veitt fjárfamlög til æskulýðssstarfsemi og m.a. styrkt æskulýðssamtök. Framlög vegna þessa námu samtals 1,7 ma.kr. á árunum 2001–2010. Á verðlagi ársins 2011 námu framlögin samtals 2,2 ma.kr. eða að meðaltali 225 m.kr. á ári.

Meiri hluti framlaganna rennur til stærstu og elstu æskulýðssamtaka landsins, þ.e. Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), Bandalags íslenskra skáta (BÍS) og KFUM og KFUK á Íslandi, en um helmingur framlagsins hefur runnið til þess fyrstnefnda. Þetta eru allt rótgrónir aðilar sem starfað hafa lengi að æskulýðsmálum. Ýmsir aðrir aðilar sem starfa að æskulýðsmálum hafa fengið styrki frá ríkinu til margvíslegra verkefna í lengri eða skemmri tíma. Undanfarin ár hafa framlög til málaflokkns verið skert vegna sparnaðar í ríkisrekstri en þau höfðu vaxið nokkuð hratt fram að því.

Að mati Ríkisendurskoðunar er verklag stjórnvalda við úthlutun styrkja almennt að komast í gott horf og á það einnig við um styrkveitingar til æskulýðsmála. Styrkjum er almennt úthlutað á grundvelli umsókna, faglegt mat liggur til grundvallar styrkveitingum og skilyrði eru sett m.a. um ráðstöfun styrkja og upplýsingagjöf vegna þeirra. Þess ber hins vegar að gæta að mikil eftirfylgni fer fram með ráðstöfun þeirra.

Þeir aðilar sem fengið hafa hæstu styrkina veittu Ríkisendurskoðun ýtarlegar upplýsingar um starfsemi sína, ráðstöfun fjár og fjárhagsstöðu. Þeir leituðust einnig allir við að svara þeim atriðum sem sérstaklega var óskað upplýsinga um og tilgreind voru í fyrirspurn forsætisnefndar til Ríkisendurskoðunar. Í skýrslunni eru svör viðkomandi aðila rakin, s.s. um þátttöku ungmenna í starfseminni, aðild þeirra að stjórnun og um mat á árangri.

Ljóst er að öll félögin hafa lagt í vinnu við stefnumótun og hafa leitað leiða til að bæta starfsemina. Þau gera sér öll grein fyrir þýðingu þess að virkja almenna félagsmenn og fá þá til þátttöku í ákvarðanatöku enda starfsemi félaganna og aðildarfélaga þeirra meira og minna byggð á sjálfboðastarfi. Þetta á ekki síður við um yngri félagsmenn en þá eldri. Félögin gáfu misgóða sundurliðun á þátttöku eftir aldri, kyni og búsetu þátttakenda enda misjafnt hversu vel félögin gátu sundurliðað hlutdeild mismunandi aldurshópa í stjórnun og annari starfsemi. Til að kanna raunveruleg áhrif ungmenna á stjórnun hefði þurft að framkvæma frekari rannsókn, t.d. viðhorfskönnun á meðal félaga, en slíkt er ekki á færri Ríkisendurskoðunar. Vilji stjórnvöld framvegis afla upplýsinga um þessi atriði þyrfti að setja ákvæði um það í skilmála styrkveitinga.

**RÍKIÐ VER ÁRLEGA
225 M.KR. TIL
ÆSKULÝÐSMÁLA**

**VERKLAG VIÐ
ÚTHLUTUN STYRKJA
ER ALMENNT Í GÓÐU
LAGI**

**STYRKPEGAR LEGGJA
SJÁLFIR MAT Á
STARFSEMI SÍNA ...**

**... EN ÖRÐUGT ER AÐ
BERA SAMAN
ÁRANGUR ÞEIRRA
INNBYRDIS**

Öll félögin skoða með reglubundnum hætti árangur starfseminnar og nota til þess ýmsa mælikvarða. Ekki er annað að sjá en starfsemin sé stöðugt tekin til endurmats á grundvelli slíkra árangursmælinga. Hins vegar er ljóst að slíkir mælikvarðar gefa varla kost á að bera saman árangur einstakra félaga enda þótt þeir geti nýst stjórnendum þeirra vel. Ekki er með góðu móti heldur hægt að fullyrða um hvaða árangursmælikvarða rétt sé að nota vilji stjórnvöld tryggja að fjármunir sem veitt er til æskulýðsmála renni til þeirra aðila sem ná mestum árangri.

Fjárhagsstaða þessara aðila virðist góð, eignir eru meiri en skuldir og hlutfall eigin fjár hátt. Það er mismunandi hvernig félögin sundurliða kostnað og er almennt ekki hægt að lesa úr ársreikningum hversu stórt hlutfall kostnaður sé vegna almenns reksturs og stjórnunar og hins vegar vegna verkefna sem snúa beint að ungmennum.

Eftir því sem Ríkisendurskoðun kemst næst er fyrirkomulag mála varðandi styrkveitingar til æskulýðssstarfsemi annars staðar á Norðurlöndum svipað því sem hér tíðkast. Bæði er um það að ræða að styrkjum sé úthlutað til stórra landssamtaka á sviði æskulýðsmála og að styrkum sé úthlutað á grundvelli umsókna. Lögð er áhersla á að þeir sem fá styrki verji þeim til verkefna sem nýtast æskufólki og jafnframt eru skilyrði um að ungum félagsmönnum slíkra samtaka séu tryggð áhrif innan sinna samtaka. Ýmsar kröfur eru gerðar til þeirra sem fá styrki og þeim er gert að skila upplýsingum um starfsemi sína og fjármál.

ÁBENDINGAR TIL MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

1. GERA ÆTTI SAMNINGA VIÐ STÆRSTU ÆSKULÝÐSSAMTÖKIN

Ríkisendurskoðun telur æskilegt að mennta- og menningarmálaráðuneytið geri samninga við helstu æskulýðssamtök landsins þannig að skýrari umgjörð verði um framlög ríkisins til þeirra. Í slíkum samningum yrði m.a. kveðið á um kröfur sem slíkir aðilar þurfa að uppfylla, upplýsingagjöf um ráðstöfum framlaganna, fjárhagsramma, eftirlit, árangurssmat og fleiri atriði sem talin eru skipta máli. Um leið þarf að gæta þess við samningagerðina að viðkomandi aðilar njóti eftir sem áður nauðsynlegs sjálfstæðis í störfum sínum.

2. AFLA ÞARF VIÐEIGANDI OG SAMRÆMDRA FJÁRHAGS- OG

STARFSEMISUPPLÝSINGA

Í samningum og skilmálum um styrkveitingar til æskulýðssamtaka ætti að kveða á um að þeir sem fá fjárfamlög frá ríkinu til starfsemi sinnar gefi viðeigandi og samræmdar upplýsingar um fjárhag sinn og starfsemi. Upplýsingar af þessu tagi eru t.d. staðfestur félagafjölda aðildarfélaga og þátttaka félagsmanna í verkefnum á þeirra vegum. Mögulegt ætti að vera að sundurliða upplýsingar eftir aldri, kyni og búsetu viðkomandi. Fjárhagsupplýsingar ættu að gefa möguleika á að bera saman ráðstöfum fjár á milli samtaka, s.s. hversu stór hluti framlags fer í að standa undir stjórnun- og skrifstofuhaldi og hversu stór hluti rennur til einstakra skilgreindra verkefna.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

Viðbrögð mennta- og menningarmálaráðuneytisins koma fram í svarbréfi þess, dags. 7. mars 2013, við drögum að skýrslunni, en það hljóðar svo:

„Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur móttekið skýrsludrög um úttekt Ríkisendurskoðunar á ráðstöfun framlaga til æskulýðsmála.

Ráðuneytið vill þakka Ríkisendurskoðun fyrir greinargóð skýrsludrög og ábendingar og gerir engar efnislegar athugasemdir við drögin. Ráðuneytið mun taka ábendingar Ríkisendurskoðunar til greina og hefur ráðuneytið nú þegar hafið vinnu við undirbúning á samningi við Bandalag íslenskra skáta og KFUM og KFUK.“

1 INNGANGUR

1.1 TILEFNI ÚTTEKTAR

Í bréfi forsætisnefndar Alþingis til Ríkisendurskoðunar, dags. 5. september 2011, kemur fram að nefndin hafi á fundi sínum sama dag fallist á beiðni menntamálanefndar (nú allsherjar- og menntamálanefnd) um að óska skýrslu frá Ríkisendurskoðun um ráðstöfun fjárveitinga til æskulýðsmála, sbr. bréf menntamálanefndar til forsætisnefndar dags. 15. ágúst s.á. Forsætisnefnd óskaði eftir skýrslu um málið á grundvelli síðari málslíðar 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997.

ÚTTEKIN VAR UNNIN AÐ BEIÐNI ALÞINGIS

Heimild Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir greinargerðum frá aðilum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga til þeirra af ríkisfé og meta hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt, byggir á 2. mgr. 9. gr. laga um stofnunina.

1.2 AFMÖRKUN ÚTTEKTAR

Í fyrrgreindu bréfi menntamálanefndar, sem fylgdi erindi forsætisnefndar til Ríkisendurskoðunar, kom fram að menntamálanefnd teldi ekki nauðsynlegt að íþróttastarf væri hluti af fyrirhugaðri úttekt enda gerði löggjöf greinarmun á æskulýðssstarfi og íþróttastarfi, sbr. íþróttalög nr. 64/1998. Íþróttasamtök teljist þar af leiðandi ekki til æskulýðs- eða ungmennasamtaka. Að mati Ríkisendurskoðunar hlýtur engu að síður sú spurning að vakna hvernig líta beri á framlög til félaga eða samtaka sem eru með blandaða starfsemi, þ.e. bæði íþróttastarf fyrir ungt fólk sem og aðra starfsemi fyrir ungmenni. Aðildarfélög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) eru dæmi um slík samtök. Beiðni menntamálanefndar um skýrslu frá Ríkisendurskoðun vísaði til tillögu nefndarinnar til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka á Íslandi. Með hliðsjón af því sem fram kemur í ræðu framsögumanns með þingsályktunartillöggunni virðist ljóst að úttektinni sé m.a. ætlað að ná til UMFÍ og þar með væntanlega um leið til annarra samtaka með blandaða starfsemi.

Í bréfi nefndarinnar kom einnig fram að úttekt á starfsemi æskulýðs- eða ungmennasamtaka eigi að mati nefndarinnar að miðast við aldurshópinn 6–25 ára þar sem í æskulýðslögum nr. 70/2007 sé miðað við þann aldur. Í bréfinu var ekki rakið nánar í hverju úttektin ætti að felast heldur var vísað til þingsályktunartillögu nefndarinnar um úttekt á starfsemi æskulýðssamtaka á Íslandi. Í henni var gert ráð fyrir að tekið væri saman yfirlit um þróun fjárveitinga til æskulýðssamtaka og ráðstöfun þeirra undanfarinn áratug (þ.e. tímabilið 2001–2010). Einnig ætti að sýna hlutfallslega skiptingu fjármuna annars vegar milli rekstrar- og stjórnunarkostnaðar og hins vegar verkefna sem nýtast ungmennum beint, eins og það er orðað. Jafnframt var

ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTASTARF OFT SAMOFID

gert ráð fyrir að fram kæmu upplýsingar um hve mörgum ungmennum viðkomandi samtök þjóni og á hvaða landsvæðum, hver sé hlutur ungs fólks, greint eftir kynum þar sem kostur er, í stefnumótun og ákvarðanatöku innan viðkomandi samtaka og hvernig mati á árangri af starfi samtakanna sé hártað. Loks var í þingsályktunartillöggunni gert ráð fyrir að slíkar upplýsingar væru bornar saman við skipan, starfsemi og fjármögnun æskulýðssamtaka annars staðar á Norðurlöndum.

Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að upplýsa menntamálaneftnd um hvaða skilning hún legði í umrædda skýrslubeiðni og hvernig hún gæti orðið við henni. Var þar gert með bréfi til nefndarinnar dags. 18. nóvember 2011 og á fundi með nefndinni 2. febrúar 2012. Bent var á að ekki væri víst að öll ofangreind sundurgreining á upplýsingum lægi fyrir eða unnt væri að gera hana. Hvort hægt yrði að svara öllum spurningum nefndarinnar myndi ráðast af getu viðkomandi aðila til að veita umræddar upplýsingar. Hafa yrði hugfast að upplýsingagjöf aðila sem notið hefðu framlaga hlyti að taka mið af þeim kröfum um upplýsingar sem gerðar væru þegar framlögin væru veitt.

Þá var bent á að sundurgreining á ráðstöfun framlaga milli rekstrar- og stjórnunarkostnaðar annars vegar og „verkefna sem nýtast ungmennum beint“ hins vegar gæti reynst annmörkum háð enda óvist að slík sundurgreining væri gerð í bókhaldi þeirra aðila sem notið hafa framlaga. Ólíkt því sem tíðkaðist hjá góðgerðar- og hjálparsamtökum þar sem að jafnaði megi rekja hvaða fjármunir renna beint til styrkþega og hvaða fjármunir fara til þess að kosta starfsemi og rekstur viðkomandi samtaka, gæti reynst örðugra að sundurgreina framlög með hliðstæðum hætti hjá æskulýðssamtökum. Kostnaður þeirra fælist þannig einkum í launum og öðrum rekstrarkostnaði en ekki beinum framlögum til þeirra sem njóta starfseminnar. Ríkisendurskoðun hefur hins vegar leitast við að afla eins nákvæmrar sundurliðunar og unnt er á ráðstöfun þess fjár sem viðkomandi samtök hafa þegið frá ríkinu, s.s. til að standa undir kostnaði, vegna fjárfestinga eða til greiðslu lána.

Ríkisendurskoðun benti einnig á að samanburður upplýsinga um skipan, starfsemi og fjármögnun æskulýðssamtaka í öðrum löndum gæti tæpast falist í skýrslubeiðninni enda ekki á færí Ríkisendurskoðun að krefja aðila í öðrum löndum um slíkar upplýsingar. Stofnunin myndi þó kanna hvort systurstofnanir hennar á Norðurlöndunum hefðu ráðist í sambærilegar úttektir. Gerð er grein fyrir þeirri könnun síðar í skýrslunni.

Fyrrgreind þingsályktunartillaga tók til ráðstöfunar opinberra fjárveitinga til æskulýðsmála og var í greinargerð með henni talað í því sambandi bæði um ríki og sveitarfélög. Hins vegar voru þar aðeins tilgreind framlög til málaflokkssins í fjárlögum og þau sögð hafa numið 199,4 m.kr. árið 2010. Í ljósi þessa og með hliðsjón af hlutverki og starfssviði Ríkisendurskoðunar var sýnt að úttektin tæki aðeins til framlaga ríkisins til málaflokkssins. Í ræðu framsögumanns menntamálaneftndar kom fram að langstærstur hluti þessara fjármuna, nánar tiltekið 87%, hefðu runnið til þriggja aðila, þ.e. UMFÍ, skálahreyfingarinnar og KFUM og KFUK. Að hans sögn væri enginn vafi á að þessir aðilar ynnu afar mikilvægt starf en heildstæðar upplýsingar skorti um hvernig fjármagni þessara aðila og annarra sem njóta opinberra fjárveitinga til æskulýðsmála væri varið og hve mikið skilaði sér í eiginlegri þátttöku ungs fólks.

ÓSKAÐ VAR EFTIR
SUNDURLIÐUN
UPPLÝSINGA FRÁ
STYRKPEGUM

KOSTNAÐARSKIPTING
GETUR STUNDUM
VERIÐ ÓSKÝR

ÚTTEKTIN NÁÐI
AÐEINS TIL
FRAMLAGA RÍKISINS

Gagnaöflun vegna úttektarinnar var tvíþætt. Annars vegar var tekið saman yfirlit sem sýnir öll framlög ríkisins til æskulýðssamtaka og annarra aðila sem vinna að æskulýðsmálum. Hins vegar var óskað upplýsinga frá aðilum sem fengið höfðu hæstu framlögin og þeir beðnir um að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra. Nánar tiltekið var óskað eftir því að þeir skiliðu greinargerð þar sem fram kæmi

- (1) hvaða fjármuni þeir hefðu þegið frá ríkissjóði, ríkisstofnum og sjóðum í eigu ríkisins á tímabilinu 2001–2010,
- (2) hlutfallsleg skipting framlaga á milli rekstrar- og stjórnunarkostnaðar annars vegar og verkefna sem nýtast ungmennum beint hins vegar,
- (3) hve mörgum ungmennum á aldrinum 6–25 viðkomandi samtök þjónuðu og á hvaða landsvæðum,
- (4) hver væri hlutur ungs fólks í stefnumótun og ákvarðanatöku innan samtakanna, greint eftir kynjum þar sem kostur væri, og loks
- (5) hvernig mati á árangri af starfi samtakanna væri háttað. Í viðauka 1 er listi yfir þá aðila sem beðnir voru um að veita slíkar upplýsingar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Ungmennafélagi Íslands, Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Landssambandi æskulýðsfélaga voru send drög að skýrslunni til umsagnar.

2 FRAMLÖG RÍKISINS TIL ÆSKULÝÐSMÁLA

2.1 LAGARAMMI OG REGLUR UM VEITINGU FRAMLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með yfirstjórn æskulýðsmála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í gildi eru sérstök lög um málaflokkinn, lög um æskulýðsmál nr. 70/2007, sem mynda umgjörð eða ramma um samstarf ríkisins og sveitarfélaga við hin ýmsu samtök á sviði æskulýðsmála. Í umfjöllun þessarar skýrslu er einkum horft til ákvæða þessara laga þegar kemur að umfjöllun um stuðning ríkisins við æskulýðsmál. Önnur löggjöf, svo sem um íþróttastarfsemi og skólamál, hefur að sjálfsögðu einnig þýðingu í sambandi við stuðning ríkisins við þennan málaflokk enda ýmis starfsemi á vegum íþróttafélaga og skóla sem getur flokkast sem æskulýðssstarfsemi.

Tilgangur laga um æskulýðsmál er, eins og fram kemur í þeim, að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðssstarfi. Með æskulýðssstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðssstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Lögin miðast við æskulýðssstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6–25 ára.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um æskulýðsmál kemur fram að haustið 2003 hafi þáverandi menntamálaráðherra sett á fót nefnd til að semja drög að nýrri löggjöf um æskulýðsmál og tekið fram í erindisbréfi hennar að nefndin skyldi m.a. hafa til hliðsjónar við vinnu sína skýrslu og tillögur nefndar er vann árið 2003 úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi fyrir menntamálaráðuneytið. Nefndin skilaði menntamálaráðherra frumvarpsdrögum í febrúar 2005.

Lög um æskulýðsmál gilda um starfsemi félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjármögnum. Lögin gilda líka um æskulýðssstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki um, og loks um aðra starfsemi þar sem einkum er sinnt ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðssstarfi.

Í lögunum er mælt fyrir um að ríki og sveitarfélög í samstarfi við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála skuli stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði. Um framlög úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum, en um framlög til

LÖG UM
ÆSKULÝÐSMÁL
MYNDA UMGJÖRÐ
UM MÁLAFLOKKINN

TILGANGURINN AÐ
STUÐLA AÐ
ÞÁTTTÖKU Í
ÆSKULÝÐSSSTARFI



**MÁLAFLOKKURINN
HEYRIR UNDIR
MENNTAMÁLA-
RÁDHERRA**

**ÆSKULÝÐSRÁÐ
GEGNIR
MARGVÍSLEGU
HLUTVERKI**

**RANNSÓKNIR Á
ÆSKULÝÐSMÁLUM TIL
GRUNDVALLAR
STEFNUMÖRKUN**

starfsemi svæðisbundinna æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka fer eftir samþykktum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Samkvæmt þessu virðist gert ráð fyrir þeirri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að ríkið styrki samtök sem starfa á landsgrundvelli á meðan sveitarfélög styrki samtök sem fyrst og fremst starfa innan einstakra sveitarfélaga.

Ráðherra mennta- og menningarmála fer með yfirstjórn æskulýðsmála samkvæmt æskulýðslögunum. Ráðuneyti hans hefur því með höndum ýmis verkefni á þessu sviði, en einnig mæla löginn fyrir um að sérstakt ráð, Æskulýðsráð, starfi að æskulýðsmálum. Í ráðinu sitja nú fulltrúar skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, þar af fimm samkvæmt tilnefningu æskulýðssamtaka, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð (sjá reglugerð nr. 1088/2007 um skipan fulltrúa æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka í Æskulýðsráð samkvæmt æskulýðslögum nr. 70/2007) og tveir tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar einnig formann og varaformann ráðsins án tilnefningar.

Hlutverk Æskulýðsráðs er tilgreint í lögum um æskulýðsmál. Ráðið skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um æskulýðsmál, gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum og veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi. Ráðinu ber að leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál. Það efnir til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, tekur þátt í erlendu samstarfi um æskulýðsmál eftir nánari ákvörðun ráðherra og er ætlað að stuðla að þjálfun og menntun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða sem starfa að æskulýðsmálum. Ráðherra getur einnig falið því önnur verkefni á þessu sviði og getur sett ráðinu nánari starfsreglur.

Eins og ráða má af skipun ráðsins og verkefnum þess er lögð mikil áhersla á að virkja þá aðila sem að æskulýðsmálum starfa þegar kemur að stefnumótun hins opinbera um málaflokkinn. Til að tryggja samstarf ríkis og sveitarfélaga að þessum málum eiga fulltrúar sveitarfélaga líka aðild að ráðinu. Reyndar kveða löginn einnig á um að reglubundnar rannsóknir á sviði æskulýðsmála skuli leggja til grundvallar stefnumótun í málaflokknum. Í því skyni skipar ráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd um æskulýðsrannsóknir, þar af einn skv. tilnefningu Æskulýðsráðs, einn skv. tilnefningu æskulýðssamtaka og einn skv. tilnefningu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, en ráðherra skipar two fulltrúa án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneytið beitt sér fyrir reglubundnum rannsóknum á högum ungs fólks bæði í framhaldsskólam og grunnskólam með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur. Frá árinu 1999 hefur fyrirtækið Rannsóknir og greining verið samstarfsaðili ráðuneytisins og framkvæmt þessar rannsóknir. Háskólinn í Reykjavík varð síðar aðili að samningnum. Niðurstöður rannsóknanna hafa m.a. nýst sveitarfélögum við stefnumótun í skólamálum, æskulýðsmálum og ýmsum málum öðrum er varða börn og ungmanni. Almennt sýna rannsóknirnar að þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi hafi mikið forvarna- og uppeldislegt gildi, m.a. hvað varðar ofbeldi, einelti, sjálfsvíg og neyslu vímugjafa.

Tekið er fram í lögnum að kostnaður við störf og verkefni Æskulýðsráðs skuli greiddur úr ríkissjóði. Einnig eru í lögnum ákvæði um sérstakan sjóð, Æskulýðssjóð, til eflingar æskulýðsstarfi. Stjórn Æskulýðssjóðs er skipuð þremur fulltrúum til tveggja ára í senn, formaður Æskulýðsráðs er formaður sjóðsins, en ráðið tilnefnir two fulltrúa og jafnmarga varamenn. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka, nánar tiltekið sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þáttöku þeirra, þjálfun forystufólks, leiðbeinenda og sjálfbóðaliða, nýjungrar og þróunarverkefni, og samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr Æskulýðssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins og hefur sett nánari reglur um úthlutun þeirra sbr. reglur um Æskulýðssjóð nr. 60/2008. Reglugerðin er að hluta til endurtekning á ákvæðum laganna en setur um margt nánari ákvæði. Til dæmis er þar kveðið á um að hvorki sé heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem þing, móti eða þess háttar viðburði, né ferðir hópa. Þá er fjallað þar um hvernig staðið skuli að úthlutun styrkja. Skuli úthluta styrkjum fjórum sinnum á ári. Heimilt er að veita styrki til ákveðinna tímabundinna átaksverkefna er æskulýðsfélög eða æskulýðssamtök taka þátt í. Sjóðstjórn skal haga starfi sínu í samræmi við málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga. nr. 37/1993. Henni er heimilt að leita álits sérfróðra aðila við mat á umsóknum. Birta skal upplýsingar um styrkveitingar á vefsíðu menntamálaráðuneytis. Reglurnar kveða einnig á um að styrkþegum beri að skila inn greinargerð um framkvæmd og fjárhagslegt uppgjör eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok verkefnis. Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu ef greinargerð berst ekki innan framangreinds frests eða ef verkefni hefur ekki verið framkvæmt í samræmi við umsókn. Heimilt er að skipta greiðslu styrkja. Ef ekki hefur borist fullnægjandi greinargerð vegna fyrri verkefna er sjóðstjórn heimilt að hafna nýrri umsókn.

Framlög til Æskulýðsráðs og Æskulýðssjóðs eru ákveðin í fjárlögum hvers árs, en Æskulýðssjóði er einnig heimilt að taka við frjásum framlögum.

Í æskulýðslögnum er einnig kafli um stuðning sveitarfélaga við æskulýðsstarf. Þar kemur fram að sveitarstjórnir setji sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf skuli háttar. Sveitarfélög hafi starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Þá hlutist sveitarstjórnir til um að stofnuð séu ungmannaráð, en hlutverk þeirra er að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmannaráð.

Loks má nefna að æskulýðslögini setja viss ákvæði um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi, svo sem um að þeir sem starfa þar með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins. Einnig eru ákvæði sem banna fólk sem hlotið hefur refsídóma vegna tiltekinna afbrota að starfa hjá aðilum sem hafa með höndum ungmannastarf. Þá er kveðið á um að starfsemi sem fellur undir lögini skuli fullnægja kröfum um aðgengi, aðstöðu, hollustuhætti og öryggisþætti.

ÆSKULÝÐSSJÓÐUR
STYRKIR VERKEFNI Á
SVIÐI
ÆSKULÝÐSMÁLA

SVEITARFÉLÖGIN
HAFA HLUTVERKI AÐ
GEGNA Í SAMBANDI
VIÐ ÆSKULÝÐSMÁL




2.2 FJÁRHÆÐ FRAMLAGA 2001–2010

Á því tímabili sem er til skoðunar, þ.e. árin 2001–2010, voru framlög ríkisins til æskulýðsmála tilgreind á þremur fjárlagaliðum mennta- og menningarmálaráðuneytis, að stærstum hluta á liðnum 02-988 Æskulýðsmál en að nokkru leyti einnig á liðunum 02-999 Ýmislegt og 02-319 Framhaldsskólar, almennt¹. Þessum fjárlagaliðum er skipt í nokkur viðfangsefni.

RÍKIÐ HEFUR ÁRLEGA
VEITT 225 M.KR. TIL
ÆSKULÝÐSMÁLA

Framlög til æskulýðsmála námu samtals 1.651 m.kr. á umræddu tímabili. Á verðlagi ársins 2011 nema framlögin 2.247 m.kr. eða að meðaltali 225 m.kr. á ári. Framan af tímabilinu hækkuðu framlögini almennt mikið en þau hafa dregist verulega saman að raungildi og reyndar einnig í krónum talið á milli 2009 og 2010 í kjölfar þess aðhalds sem ríkissjóður hefur búið við undanfarin ár. Tekið skal fram að framlögini lækkuðu áfram að raungildi milli áranna 2010 og 2011.

2.1 Framlög ríkisins til æskulýðsmála 2001–2010



NOKKUR ÆSKULÝÐS-
SAMTÖK NJÓTA
EYRNAMERKTRA
FRAMLAGA

Nokkur æskulýðssamtök njóta eyrnamerktra framlaga á fjárlögum. Þetta eru Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Landssamband KFUM og KFUK. Í tilfellum tveggja síðarnefndu aðilanna er framlagi til þeirra skipt annars vegar til sjálfrá samtakanna og hins vegar til miðstöðva sem reknar eru sjálfstætt en í tengslum við móðursamtökin. Allt eru þetta stór og gamalgróin samtök sem starfað hafa lengi að æskulýðsmálum. Ekki hafa verið gerðir samningar við þessa aðila um styrkveitingarnar heldur sækja þeir um framlög á hverju ári og lúta þeim skilmálum sem almennt gilda um styrkveitingar innan málaflokk eins.

¹ Framlög til Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Iðnnemasambands Íslands eru flokkuð sem framlög til æskulýðsmála.

2.2 Framlög ríkisins til æskulýðsmála 2001–2010

Í m.kr. á verðlagi hvers árs	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samt.
02-319 Framh.skólar, almennt											
124 Iðnnemasamband Íslands	0,0 0,0	0,0 0,0	0,0 0,0	4,0 4,0	5,3 5,3	5,6 5,6	5,7 5,7	6,0 6,0	6,0 6,0	6,0 6,0	38,6 38,6
02-988 Æskulýðsmál											
110 Æskulýðsráð Íslands	1,6	2,1	0,3	2,5	1,4	1,9	1,5	3,1	9,6	1,8	25,9
112 Ungmennafélag Íslands	22,0	42,0	52,0	67,0	64,0	92,0	120,0	123,4	115,1	104,7	802,2
113 Bandalag íslenskra skáta	12,5	15,5	19,0	17,5	17,5	22,5	25,0	36,6	33,6	30,2	229,9
114 Útlífsm. skáta Úlfþjótsvatni	2,0	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	4,0	3,9	4,0	3,6	25,0
115 Æskul.m. KFUM í Vatnask.	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	4,0	3,9	4,0	3,6	24,5
117 Landssamb. KFUM og KFUK	11,0	15,0	25,0	26,7	23,3	25,0	25,0	32,6	33,6	30,2	247,4
118 Æskulýðsrannsóknir	0,1	0,2	2,3	2,3	1,0	3,3	7,4	5,3	7,9	4,0	33,7
119 Æskulýðssjóður	0,0	0,0	0,0	4,1	4,8	6,5	5,4	7,9	8,9	7,5	45,0
190 Æskulýðsmál	4,1	9,4	14,1	13,4	10,4	13,1	29,7	22,3	18,3	5,0	139,9
	54,9	87,1	115,8	136,6	125,3	167,3	222,0	238,9	235,0	190,6	1.573,5
02-999 Ýmislegt											
190 Ýmis framlög	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,5	3,5	1,0	8,0
198 Ýmis framlög menntam.r.	0,0	0,0	0,0	0,0	1,9	1,9	8,1	2,3	11,5	5,3	31,0
	0,0	0,0	0,0	0,0	1,9	1,9	8,1	5,8	15,0	6,3	39,0
Samtals	54,9	87,1	115,8	140,6	132,6	174,8	235,8	250,6	256,0	202,9	1.651,0

Ýmis önnur samtök, félög og einstaklingar sem starfa á sviði æskulýðsmála hafa einnig fengið styrki úr ríkissjóði. Þar er hins vegar um lægri framlög að ræða og ekki endilega að sömu aðilar njóti framlaga mörg ár í röð þótt það sé samt reyndar stundum tilfellið. Ýmist hefur verið um það að ræða að fjárlaganefnd Alþingis hefur ákveðið hverjum skyldi veita styrki eða að menntamálaráðherra hefur ákveðið styrkveitingar að fengum tillögum stjórnar Æskulýðssjóðs vegna framlaga úr sjóðnum eða að undangenginni skoðun innan ráðuneytisins vegna annarra styrkveitinga. Fjallað er nánar um verklag við þessar úthlutunar og um eftirfylgd með þeim síðar í skýrslunni.

2.3 Framlög ríkisins til æskulýðsmála 2001-2010, fast verðlag

Í m.kr. á verðlagi 2011	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Samt.
02-319 Framhaldsskólar, almennt											
124 Iðnnemasamband Íslands	0,0 0,0	0,0 0,0	0,0 0,0	6,4 6,4	8,2 8,2	8,1 8,1	7,9 7,9	7,3 7,3	6,6 6,6	6,2 6,2	50,7 50,7
02-988 Æskulýðsmál											
110 Æskulýðsráð Íslands	2,9	3,5	0,6	4,1	2,1	2,8	2,1	3,8	10,5	1,9	34,2
112 Ungmennafélag Íslands	39,1	71,3	86,4	107,9	99,0	133,3	165,6	151,5	126,2	108,9	1.089,1
113 Bandalag íslenskra skáta	22,2	26,3	31,6	28,2	27,1	32,6	34,5	44,9	36,8	31,4	315,6
114 Útlífsmiðstöð skáta Úlfþjótsvatni	3,6	2,5	2,5	2,4	2,3	2,2	5,5	4,8	4,4	3,7	33,9
115 Æskul.miðs. KFUM í Vatnaskógi	2,7	2,5	2,5	2,4	2,3	2,2	5,5	4,8	4,4	3,7	33,1
117 Landssamband KFUM og KFUK	19,6	25,5	41,5	43,1	36,0	36,2	34,5	40,0	36,8	31,4	344,6
118 Æskulýðsrannsóknir	0,2	0,3	3,9	3,7	1,5	4,8	10,2	6,5	8,6	4,2	43,8
119 Æskulýðssjóður	0,0	0,0	0,0	6,7	7,4	9,4	7,5	9,6	9,7	7,8	58,0
190 Æskulýðsmál	7,4	15,9	23,4	21,6	16,1	19,0	41,0	27,4	20,1	5,2	197,0
	97,6	147,8	192,4	220,0	193,9	242,5	306,4	293,3	257,5	198,0	2.149,4
02-999 Ýmislegt											
190 Ýmis framlög	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	4,3	3,8	1,0	9,2
198 Ýmis framlög menntamálaráðun.	0,0	0,0	0,0	0,0	3,0	2,8	11,1	2,8	12,6	5,5	37,8
	0,0	0,0	0,0	0,0	3,0	2,8	11,1	7,1	16,4	6,5	47,0
Samtals	97,6	147,8	192,4	226,4	205,1	253,4	325,4	307,7	280,5	211,0	2.247,2

2.3 ÁKVARÐANATAKA UM FRAMLÖG, SKILYRÐI OG EFTIRLIT

FÖST FRAMLÖG Á FJÁRLÖGUM

FRAMLÖG ÝMIST
ÁKVEÐIN Í FJÁR-
LÖGUM EÐA SKR.
ÁKV. RÁÐHERRA

Eins og fram hefur komið hafa stærstu æskulýðssamtök landsins um langt skeið notið fastra framlaga á fjárlögum ár hvert. Viðkomandi samtök sækja árlega um framlag til starfsemi sinnar og gera þar grein fyrir verkefnum sem unnið er að sem og nýjum verkefnum sem samtökin hyggjast ráðast í. Að jafnaði hafa aðeins verið veitt framlög vegna hluta þeirra verkefna sem sótt er um styrki vegna. Um tíma voru fjárveitingar engu að síður hækkaðar talsvert umfram verðlagsforsendur fjárlaga, en undanfarin ár hafa þau hins vegar verið skert nokkuð vegna sparnaðar í ríkisrekstri.

FRAMLÖG SKV. ÁKVÖRDUN FJÁRLAGANEFDAR

FJÁRLAGANEFDN
HÆTT AÐ GERA
TILLÖGU UM
ÚTHLUTUN

Lengi fjallaði fjárlaganefnd Alþingis um framlög og styrkveitingar til einstakra aðila. Nefndin gerði þá tillögu um skiptingu þess fjár sem í frumvarpi til fjárlaga og í meðfórum þingsins var veitt til viðkomandi málaflokks. Framlög til æskulýðsmála, sem komu til kasta fjárlaganefndar, féllu undir two fjárlagaliði, þ.e. 02-988 Æskulýðsmál, viðfangsefni 1.90 og 02-999, Ýmis framlög, viðfangsefni 1.90 og 1.98. Aðilar gátu sent erindi beint til fjárlaganefndar með ósk um fjárveitingu ásamt þeim greinargerðum sem þeir töldu nauðsynlegar. Fjárlaganefnd bauð aðilum sem sóttu um framlag að koma til fundar við nefndina og gera grein fyrir óskum sínum. Fjárlaganefnd fjallaði síðan um einstakar beiðnir og gerði tillögu um skiptingu fyrrgreindra fjárlagaliða í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Yfirlit sem sýndi úthlutun óskiptra liða fjárlaga birtist í sundurliðun með fjárlögum hvers árs. Þessu fyrirkomulagi var breytt við afgreiðslu fjárlaga frá og með 2012 þegar fjárlaganefnd hætti alfarið að gera tillögu um úthlutun óskiptra liða (að frátoldum heiðurslaunum listamanna). Með því að fela ráðuneytum eða úthlutunarnefndum á þeirra vegum þetta verkefni er talið að betur megi tryggja faglega málsméðferð við styrkveitingar. Þannig er ætlast til þess að styrkir séu auglýstir til umsóknar, notast sé við samræmt og sýnilegt verklag við mat umsókna og tryggt að næg eftirfylgni sé með styrkveitingum.

FRAMLÖG SKV. ÁKVÖRDUN RÁÐHERRA

STYRKIR AUGLÝSTIR
OG SKILYRÐI SETT
VEGNA ÚTHLUTANA

Frá árinu 2012 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutað styrkjum sem Alþingi veitti áður. Einnig hefur ráðuneytið úthlutað styrkjum úr Æskulýðssjóði. Styrkir hafa verið auglýstir til umsóknar. Úthlutunarnefnd innan ráðuneytisins fer yfir umsóknir og gerir tillögu til ráðherra um hverjir fái styrk. Sett er skilyrði um að styrkþegi skili greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjöri vegna þess á þar til gerðu eyðublaði, staðfestu af styrkþega og óháðum aðila. Almennt eru 80% af styrkfjárhæðinni greidd út þegar styrkveiting hefur verið ákveðin og tilkynnt styrkþega en eftirstöðvar ekki fyrr en styrkþeginn hefur skilað uppgjöri og uppfyllt skilmála styrksins.

Ráðuneytið hefur útbúið almenna skilmála fyrir styrkjum sem það veitir og kemur þar m.a. fram að styrkþegi ábyrgist að styrknum verði einungis varið til þess verkefnis og markmiða sem lýst er í umsókn. Styrkþegi skuldbindur sig til þess að skila greinargerð og fjárhagsuppgjöri og hlíta öðrum skilmálum styrksins. Í skilmálum er einnig kveðið á um að styrkþegi skuli tilkynna ráðuneytinu um aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að skilyrðum sé fullnægt, honum ber að veita ráðuneytinu allar upplýsingar, m.a. úr bókhaldi, gera grein fyrir framvindu taki verkefnið yfir lengri tíma

en eitt ár o.fl. Í skilmálum er einnig kveðið á um endurkröfurétt séu skilmálar brotnir eða kostnaður reynist undir útborgaðri styrkfjárhæð. Loks er kveðið á um meðferð ágreiningsmála sem upp kunna að koma.

Á undanförnum árum hefur ráðuneytið unnið að því að bæta verklag sitt við gerð samninga og veitingu styrkja. Skilgreint hefur verið nýtt samningsform sem felur í sér auknar kröfur til bæði ráðuneytisins og samstarfsaðila þess. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru samkvæmt því formi voru undirritaðir haustið 2011 og þá var einnig tekið í notkun sérstakt upplýsingakerfi til að vakta ákvæði í samningum og minna umsjónarmenn samninga á að kalla eftir gögnum, boða fundi, inna greiðslur af hendi og svo framvegis. Kerfið á einnig að tryggja yfirsýn yfir samninga. Í maí 2011 var leiðbeiningum, verklagsreglum og verkferlum vegna undirbúnings og eftirlits með samningum bætt við gæðahandbók ráðuneytisins. Sama er að segja um meðferð umsókna um styrki, veitingu þeirra, skilmála, kröfur um upplýsingagjöf og eftirlit með ráðstöfun styrkja. Skilmálar koma fram í styrkbréfum auk þess að vera birtir á vef ráðuneytisins.

**VERKLAG VIÐ
ÚTHLUTUN STYRKJA
AÐ FÆRAST Í GOTT
HORF**

3 RÁÐSTÖFUN FRAMLAGA

Eins og fram hefur komið sendi Ríkisendurskoðun þeim aðilum sem fengið hafa mest framlög á undanförnum árum fyrirspurn og óskaði eftir upplýsingum um starfsemi viðkomandi aðila, með hvaða hætti framlögum hefði verið ráðstafað, m.a. til starfsemi sem beint nýtist ungmennum o.fl. Hér á eftir eru rakin helstu atriði svara við fyrirspurninni og að því búnu fjallað um rekstur og fjárhagsstöðu viðkomandi aðila út frá ársreikningum þeirra.

3.1 UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS (UMFÍ)

Ungmennafélag Íslands er landssamtök ungmennafélaga á Íslandi, stofnuð árið 1907. Markmið samtakanna er „ræktun lýðs og lands“ en í því felst að „rækta það besta hjá hverjum einstaklingi og einnig að leggja rækt við íslenska tungu og menningu“ eins og segir á heimasíðu samtakanna. Ennfremur að „vernda náttúru landsins og að græða þau sár sem myndast hafa í samskiptum lands og þjóðar eða fyrir tilstuðlan náttúrunnar sjálfrar.“ Sambandsaðilar eru 18 héraðssambönd og 11 félög með beina aðild. Alls eru um 300 félög innan UMFÍ með yfir 100 þúsund félagsmenn. UMFÍ leggur áherslu á að allir geti verið með, og að þátttaka er lífsstíll. Hlutverk UMFÍ er að samræma starfsemi ungmennafélaga á Íslandi og veita þjónustu við aðildarfélög og félagsmenn. Einnig kemur UMFÍ fram út á við fyrir hönd ungmennafélaganna, til dæmis gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum. Íþróttastarfsemi hefur lengi verið meginstoð í starfsemi ungmennafélaganna og þá ekki síst frjálsar íþróttir. UMFÍ stendur m.a. fyrir landsmótum þriðja hvert ár þar sem keppt er í hinum ýmsu íþróttagreinum. Í söguágripi á vefsíðu UMFÍ segir m.a. „Ungmennafélagar hófu strax að klæða landið skógi, byggðu sundlaugar og samkomuhús, sköpuðu aðstöðu til íþróttaiðkunar, juku samkomuhald, héldu málfundi þar sem fólk lærði að koma fram. Barátta hófst fyrir byggingu héraðsskóla, sem urðu undirstaða menntunar í dreifbýli. Það var fátt sem ungmennafélagar létu sig ekki varða ef það var landi og lýð til hagsbóta.“ Ólíkt mörgum öðrum æskulýðssamtökum sem starfa hér á landi er UMFÍ ekki formlegur hluti af alþjóðlegri hreyfingu en samtökin taka hins vegar þátt í erlendu samstarfi á sviði æskulýðsmála og þá einkum annars staðar á Norðurlöndum.

Í svari UMFÍ við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar kemur m.a. fram að framlög úr ríkis-sjóði til samtakanna jukust ár frá ári á tímabilinu 2001 til 2007 en hafa dregist saman ár frá ári eftir það. Aukningin til að byrja með skýrist m.a. af framlögum til unglings-landsmóta, til ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Dalasýslu og til rekstrar landsskrifstofu ungmennaáætlunar Evrópusambandsins, Evrópu unga fólksins (EUF) eða *Youth in Action*.

Framlag ríkisins nemur um fjórðungi af tekjum UMFÍ en helsta tekjulind samtakanna eru af getspám. Í svari UMFÍ kemur fram að meiri hluti ríkisframlaga renni til verkefna en minni hlutinn í sameiginlegan stjórnunar- og rekstrarkostnað. Hlutfallið er samt breytilegt á milli ára og kemur fram í svarinu að hlutfall stjórnunarkostnaðar fari hækandi sem skýrist m.a. af því að ríkisframlagið hafi lækkað. Á sama tíma hafi launakostnaður og annar kostnaður hækkað sem hafi áhrif í sömu átt. Sérstaklega er tekið fram að kostnaður við fjárfestingar og greiðslur vegna afborgana af lánum sé greiddur af sjálfsaflafé en ríkisframlagið renni til verkefna og annars kostnaðar.

UMFÍ er með starfsemi um land allt og er meirihluti félagsmanna á aldrinum 6-25 ára. Félagsmenn á þeim aldri eru 56.779 og skiptast þannig að 33.378 eru búsettir á Suðvesturlandi, 8.541 á Suðurlandi, 6.625 á Norðurlandi, 3.153 á Vesturlandi, 2.632 á Austurlandi og 2.450 á Vestfjörðum.

Um þátttöku ungmenna í stefnumótun og ákvarðanatöku segir í svarinu að ungmennaráð sé starfandi á vegum hreyfingarinnar. Það fundi reglulega og fjalli um hvaðeina í starfseminni. UMFÍ hafi haldið tvær ráðstefnur um ungt fólk og lýðræði. Þá hafi í tengum við eitt landsmót verið haldin ráðstefna um sama efni með þátttakendum allsstaðar að úr heiminum og fleiri af þessu tagi séu ráðgerðar en þær hafi allar verið styrktar af Evrópusambandinu. Tekið er fram að ungt fólk eigi greiðan aðgang að stjórnun og nefndum hreyfingarinnar og margir eigi sæti í þeim. Sama sé að segja um stjórnir og nefndir hjá einstökum ungmennafélögum og ungmennasamböndum. Ekki liggi fyrir nákvæmt kynjahlutfall þeirra sem koma að við stefnumótun og ákvarðanatöku innan samtakanna en fullyrt að almennt sé hlutfallið nokkuð jafnt.

Um árangursmat samtakanna segir í svarinu að það fari fram á mörgum stigum. UMFÍ reki viðamikið fræðslustarf um allt land. Matsblöð séu lögð fram í lok hvers námskeiðs og gefi til kynna hvaða árangri þátttakendur telji sig hafa náð. Sömuleiðis fylli allir þátttakendur í ungmenna- og tómstundabúðum, sem UMFÍ starfrækir að Laugum í Dalasýlu fyrir nemendur 9. bekkja grunnskóla, út matsblöð. Þau sýni að mikil ánægja sé með starfsemi búðanna meðal nemenda og forvarsmana grunnskóla sem tekið hafa þátt. Einnig er tekið fram að mælingar eigi stað á þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum, unglingslandsmótum og öðrum verkefnum sem hreyfingin stendur að. Þing UMFÍ sé haldið annað hvert ár og sambandsráðsfundur hitt árið en hann sé í raun formannafundur sambandsaðila UMFÍ. Á þingum og sambandsráðsfundum sé lögð fram ársskýrla samtakanna til umfjöllunar og afgreiðslu, þ.m.t. reikningsskil. Á þingum sé kosin stjórn samtakanna og fastanefndir. Með þessum hætti sé fjallað um árangur liðins starfsárs og stefna mörkuð fyrir framtíðina. Með svarinu fylgdu ársskýrlur UMFÍ fyrir það tímabil sem til umræðu er.

3.2 BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA (BÍS)

Skátahreyfingin er alþjóðleg hreyfing sem var stofnuð 1907 í Bretlandi af hershöfðingjanum Robert Baden-Powell (1857–1941). Hugsjón hans var að búa til hreyfingu sem stuðlaði að líkamlegum og andlegum þroska ungmenna svo þau gætu sem best tekið þátt í samfélaginu. Margt í skátahreyfingunni á uppruna sinn í Frumskógarbókinni eftir Rudyard Kipling sem á ensku kom út í tveimur bókum: *The Jungle Book* og



The Second Jungle Book. Skátastarf á Íslandi hófst árið 1911 þegar fyrsti skátaflokkurinn var stofnaður en fyrirmynnidin var sótt til Danmerkur. Bandalag íslenskra skáta var stofnað 1924 og Kvenskátasamband Íslands 1939, en þessi tvö landssambönd skáta sameinuðust í núverandi Bandalag íslenskra skáta (BÍS) árið 1944. Í lögum samtakanna segir að markmið skátastarfs sé að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélagini. Því markmiði sé leitast við að ná með hópvinnu til að þroska tillitssemi, samstarfshæfileika, ábyrgð, stjórnumunarhæfileika og lýðræðisvitund. Útilíf eflí líkamsþrek og veki áhuga á náttúrunni og löngun til að vernda hana. Viðfangsefni af ýmsu tagi kenni skatum nytsum störf, sjálfum þeim og öðrum til heilla. Þátttaka í alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar gefi skatum tækifæri til að kynnast ungu fólk í öðrum löndum, háttum þess og menningu. Þess má einnig geta að skátar önnuðust björgunarstörf í sjálfboðavinnu í gegnum Hjálparsveitir skáta sem núorðið starfa innan végbanda Landsbjargar.

Í svari BÍS kemur fram að öll starfsemi bandalagsins hverfist um það verkefni að skapa skatum, og þá fyrst og fremst börnum og ungmennum á aldrinum 7–22 ára, tækifæri til þess að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélagini. Öll starfsemi BÍS miði að því að undirbyggja jarðveginn fyrir verkefni skátanna. Tekið er fram að vissulega séu ungu skátarnir ekki alltaf viðstaddir alla undirbúningsvinnuna en þeir taki með einum eða öðrum hætti þátt á síðari stigum.

Í svarinu segir að mikið af kostnaði við gerð og útgáfu dagskrárefnis, undirbúning og kynningu nýrra verkefna, þátttöku í námskeiðum og ráðstefnum o.fl. sé í bókhaldi fært sem rekstrar- eða stjórnunarkostnaður, þótt ef til vill væri réttara að færa það á aðra liði. Tekið er fram að ekkert sé því til fyrirstöðu að skoða breytta uppbyggingu bókhalds svo sundurliða megi kostnað með öðrum hætti.

Með svarinu fylgdi yfirlit sem sýnir heildarþátttakendafjölda í skátastarfi á tímabilinu 2000–2010 í 30 skátafélögum víðsvegar um landið, sbr. töflu hér að neðan:

3.1 Fjöldi þátttakenda í skátastarfi	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
STARFANDI SKÁTAR 7–22 ÁRA	2.203	2.208	2.390	2.284	2.360	1.925	1.755	1.742	1.756	2.137	2.353
SUMARSTARF SKÁTA	1.600	1.700	1.800	1.900	1.950	2.000	2.100	2.234	2.300	2.250	2.200
SJÁLFBOÐALIÐAR	1.184	1.196	1.474	1.268	1.326	1.442	1.194	1.186	1.456	1.584	1.486
SUMARSTARFSMENN	110	115	120	130	140	150	180	180	180	180	180
SAMTALS	5.097	5.219	5.784	5.582	5.776	5.517	5.229	5.342	5.692	6.151	6.219

Um þátttöku ungmenna í stefnumótun og ákvarðanatöku segir í svarinu að Skátaþing fari með æðstu stjórn í málefnum BÍS. Það sé opið öllum starfandi skatum, þó í reynd séu fáir fundarmenn yngri en 16 ára gamlir. Að jafnaði séu um 40–60% fundarmanna á Skátaþingi á aldrinum 16–25 ára. Á árinu 2010 hafi verið unnin viðamikil stefnumótunarvinna hjá bandalaginu og hafi vel á annað hundrað skáta tekið þátt í undirbúningskrefum þeirrar vinna. Um helmingur þeirra hafi verið á aldrinum 16–25 ára. Afrakstur vinnunnar hafi verið lagður fyrir Skátaþing 2010 og samþykktur þar. Skátaþing kjósi stjórn BÍS og fastaráð sem vinna með stjórn að því að hrinda í framkvæmd samþykktum þingsins. Kjörgengi til þessara starfa sé að jafnaði miðað við 18 ára aldur og undanfarin ár hafi um 30% kjörinna fulltrúa verið á aldrinum 18–25 ára.

Um árangursmat á starfseminni segir að einfaldasta matið sé að fylgjast með þátttöku í starfi skátaþreyfingarinnar á landsvísu. Annað mat sé t.d. niðurstaða reikningsársins og spurningalistar til skátaforingja um mat þeirra á starfseminni. Þá sé yfirleitt lagt mat á einstök verkefni þegar þeim lýkur. Sé það gjarnan blandað mat þátttakenda annars vega og stjórnenda/umsjónarmanna hins vega.

3.3 ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA Á ÚLFLJÓTSVATNI

Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni (ÚSÚ) annast mestalit námskeiðahald Bandalags íslenskra skáta en einnig halda björgunarsveitir Slysavarnarfélagsins Landsbjargar þar mörg námskeið. Þar eru reknað sumarbúðir skáta fyrir börn á aldrinum 7–14 ára, jafnt skáta sem aðra. Skólabúðir eru reknað yfir vetrarmánuðina og miðast dagskráin fyrst og fremst við börn í 7. bekk grunnskóla. Skólar, félagasamtök og aðrir geta fengið afnot af staðnum og aðstoð í því sambandi. Tjaldsvæði staðarins hefur verið byggt upp fyrir stór móti en er einnig opið almenningi.

Taflan að neðan sýnir fjölda barna og ungmenna í vetrar- og sumarstarfi, þ.e. þeirra sem sækja beint starf á vegum staðarins.

3.2 Þátttaka 7–25 ára í viðburðum hjá Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
SKÓLABÚÐIR	1.000	1.060	900	1.000	1.000	1.185	600	600	690	680
SUMARBÚÐIR	450	470	340	300	319	407	290	264	278	267
NÁMSKEIÐ BÍS	200	200	200	200	200	200	200	200	200	200
SKÁTAMÓT	150	300	600	300	1800	750	600	300	3500	900
ÚTIL. SKÁTAFÉL.	950	1.030	1.085	1.145	980	960	930	870	940	1.060

Í svari ÚSÚ kemur fram að Úlfljótsvatnsráð, skipað 7 mönnum úr skátaþreyfingunni, fari með æðstu stjórn í málefnum ÚSÚ en rekstur sé í höndum framkvæmdastjóra. Tekið er fram að starfsmenn staðarins að sumarlagi séu að mestu leyti ungt fólk á aldrinum 15–25 ára og taki það mikinn þátt í að móta starfið.

Þá kemur fram í svarinu að við mat á árangri af starfseminni sé horft til aðsóknartalna og orðspors, rekstrarniðurstöðu ársins og spurningalista sem gestir eru beðnir um að svara um mat þeirra á starfseminni.

3.4 KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI

KFUM og KFUK (Kristilegt félag ungra manna/kvenna) eru kristin æskulýðssamtök, stofnuð í Bretlandi árið 1844 af George Williams (1821–1905). Samtökin eru ein þau elstu og útbreiddustu af slíku tagi í heiminum með félög í yfir hundrað löndum. KFUM á Íslandi var stofnað í Reykjavík í janúar árið 1899 af séra Friðriki Friðrikssyni (1868–1961), sem hafði kynnt samtökunum í Kaupmannahöfn, og í apríl sama ár var KFUK stofnað. Lengst af var rekstur KFUM og KFUK félaganna aðskilinn en þau störfuðu náið saman. Síðar var rekstur þeirra hins vega sameinaður til einföldunar og hagræðingar. Landssamband KFUM og KFUK var stofnað 1997 sem regnhlífarsamtök fyrir KFUM og KFUK félög í landinu. Var markmið þess að auka samstarf aðildarfélaganna, gefa út fræðsluefni, hafa umsjón með leiðtogafræðslu og annast erlend samskipti fyrir hönd



aðildarfélaganna. Árið 2005 var rekstur Landssambandsins sameinaður rekstri KFUM og KFUK félagsins í Reykjavík undir nafninu KFUM og KFUK á Íslandi. KFUM og KFUK deildir starfa á nokkrum stöðum á landinu, reknar eru sumarbúðir fyrir börn á fimm stöðum (Hólavatn, Kaldársel, Vatnaskógr, Vindáshlíð og Ölver) og leikskóli í Reykjavík. Þjónustumiðstöð (skrifstofa) er í Reykjavík en auk þess er svæðisfulltrúi fyrir Norðurland með aðsetur á Akureyri.

Í svari félagsins kemur fram að framlögum ríkisins hafi verið ráðstafað eins og neðangreind tafla sýnir á því tímabili sem til umræðu er. Samkvæmt þessu hefur tæpur helmingur framlaga runnið til rekstrar og stjórnunar. Félagið vill taka fram að undir rekstrar- og stjórnunarkostnað falli m.a. stuðningur við sjálfbóðaliða sem sinna kjarnastarfsemi í félagini, en undir verkefni fyrir ungt fólk falli kostnaður við beina þátttöku í verkefnum. Þá vill félagið að fram komi að æskulýðsstarfið sé þáttakendum að kostnaðarlausu.

3.3 Skipting framlaga frá ríkinu hjá KFUM og KFUK á Íslandi					
Í þús.kr.	2001	2002	2003	2004	2005
REKSTRAR- OG STJÓRNUN.KOSTN.	6.500	6.500	7.400	10.400	11.400
VERKEFNI FYRIR UNGT FÓLK	4.500	4.500	5.600	22.876	16.604
SAMTALS	11.000	11.000	13.000	33.276	28.004
	2006	2007	2008	2009	2010
REKSTRAR- OG STJÓRNUN.KOSTN.	11.400	16.800	15.000	16.800	17.600
VERKEFNI FYRIR UNGT FÓLK	19.040	11.480	24.640	23.520	17.640
SAMTALS	30.440	28.280	39.640	40.320	35.240

Í svarinu kemur fram að fjölmörg verkefni séu unnin innan félagsins og mörg verkefni spretti upp frá grásrót þess, t.d. „Jól í skókassa“ sem hópur ungmenna heldur utan um og felst í að safna jólapökkum til að gefa börnum í Úkraínu. Kjarni félagsins felist í æskulýðsstarfi og er þátttaka í starfinu börnum og ungmennum að kostnaðarlausu. Deildarstarfið er fyrir börn á aldrinum 7–16 ára og er starfssvæði félagsdeildanna oft bundið því hvar sjálfbóðaliðarnir sem annast það búa. Fram kemur að styrkur frá ríkinu hafi gefið félagini færri á að sækja á ný svæði með því að ráða starfsmann til að styðja við starf sjálfbóðaliða. Svarinu fylgdi eftirfarandi tafla með yfirliti um þátttöku í vetrar- og sumarstarfi.

3.4 Þátttakendur í vetrar- og sumarstarfi KFUM og KFUK á Íslandi

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
NORÐURLAND			187	225		305	176	520	413	446
VESTURLAND			145	140		160	50	0	0	135
SUÐURLAND			179	120		80	267	328	291	234
HÖFUÐBORGARSVÆÐI			1373	1146		1304	1564	1493	1394	922
SUÐURNES			325	427		451	349	742	820	785
VETRARSTARF DEILDA	2209	2058			2300	2406	3083	2918	2522	
VATNASKÓGUR	1.316	1.111	947	1.200	1.055	1.053	1.001	1.184	1.102	1.140
VINDÁSHLÍÐ	765	769	685	803	807	-	873	961	941	811
ÖLVER	437	396	332	420	387	368	401	426	368	380
KALDÁSEL	330	276	208	274	241	250	258	222	212	157
HÓLAVATN	-	-	50	50	64	65	86	121	125	151
SUMARBÚÐIR SAMT.	2.848	2.552	2.222	2.747	2.554	1.736	2.619	2.914	2.748	2.639
REYKJAVÍK			103	106	150	128	200	226	188	165
KÓPAVOGUR			203	201	200	211	156	224	278	143
REYKJANESBÆR								20	24	
LEIKJANÁMSK. SAMT.	0	306	307	350	339	356	450	466	328	302
ÞÁTTTAK. SAMT.	2848	2858	4738	5155	2893	4392	5475	6463	5994	5463
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM ÞÁTTTÖKU Í VETRARSTARFI DEILDA LIGGJA EKKI FYRIR VEGNA ÁRANNA 2001, 2002 OG 2005 LEIKJANÁMSKEID VORU EKKI Í REYKJANESBÆ ÁRIN 2001–2008										

Í svari KFUM og KFUK á Íslandi segir að félagið hafi tekið saman upplýsingar um stjórnarsetu og skipan leiðtoga í heildarstarfi þess síðastliðin 10 ár. Í yfirlitinu er sérstaklega litið til setu í stjórnnum og ráðum, nefndarstarfa, þátttöku í fundum á vegum félagsins erlendis og að auki (fyrir 6 síðari árin) litið til skipulags, framkvæmdar og umsjónar með einstökum æskulýðsdeildum. Fram kemur að á tímabilinu hafi 401 einstaklingur tekið að sér verkefni á þessum sviðum í sjálfbóðavinnu. Eftirfarandi tafla er m.a. í svari félagsins:

3.5 KFUM og KFUK á Íslandi stjórnendur eftir aldrí

	2001/2	2002/3	2003/4	2004/5	2005/6	2006/7	2007/8	2008/9	2009/10	2010/11
20 ÁRA OG YNGRI	2%	4%	2%	0%	20%	21%	24%	27%	30%	25%
21-30 ÁRA	19%	14%	28%	35%	31%	29%	26%	29%	31%	33%
31-40 ÁRA	38%	37%	30%	30%	19%	19%	18%	16%	14%	16%
ELDRI EN 40 ÁRA	40%	46%	40%	35%	29%	31%	32%	28%	25%	26%

Tekið er fram í svarinu að mikilvægt sé að hafa í huga að KFUM og KFUK hafi ráðist í miklar skipulagsbreytingar á árunum 2005–2006 og við þær breytingar hafi verkefni og ákvarðanir ungs fólks orðið sýnilegri og miðlægari í starfi félagsins. Á árunum 2010–2011 hafi þannig 58% allrar ábyrgðar og stjórnunar í félaginu verið í höndum fólks undir þritugu.

Í svari félagsins kemur fram að með sameiningu allra KFUM og KFUK félaga í eitt félag hafi starfsemin orðið skilvirkari en áður og starfsstöðvar og deildir vinni betur saman. Allar níu starfsstöðvar félagsins haldi sinn aðalfund árlega þar sem ársskýrsla sé kynnt, reikningar liðins árs lagðir fram til afgreiðslu, fjárhagsáætlun kynnt og félagsfólk ræði

um starfið. Fulltrúaráð, sem skipað er formönum starfsstöðva eða staðgenglum þeirra, kemur saman einu sinni á ári og fundar með stjórninni. Á aðalfundi KFUM og KFUK á Íslandi gefst félagsmönnum kostur á að meta störf stjórnar og starfsfólks félagsins og ræða almennt um starfið. Þá segir í svarinu að síðustu fjögur ár hafi verið haldin samráðsþing þar sem fólk í stjórnun og ráðum kemur saman ásamt starfsfólki félagsins og taki þátt í stefnumótun um framtíð þess. KFUM og KFUK á Íslandi hafa einnig fengið til liðs við sig gæðateymi sem starfar á vegum Evrópusambands KFUM (*YMCA Europe Resource Team*) til þess að kanna innviði félagins og benda á þætti sem betur mættu fara. YERT tók þátt í einu samráðsþingi (2010) og hefur hjálpað forstu félagsins að skoða það gagnrýnið út frá þáttum eins og skýrri sýn (e. *mission clarity*), samfélagslegu gildi verkefna (e. *socially relevant program*) og styrk innviða (e. *institutional viability*). Skýrsla YERT með niðurstöðum af úttektinni var lögð fram til umræðu og úrvinnslu á samráðsþingi 2011 og í framhaldi af því hjá nefndum og ráðum innan félagsins. Loks kemur fram í svarinu að félagið kanni af og til viðhorf foreldra barna sem tekið hafa þátt í starfi félagsins og einnig hafa leiðtogar í æskulýðsstarfinu og starfsfólk sumarstarfsins svarað könnunum um þá þjónustu sem veitt er.

3.5 ÆSKULÝÐSMIÐSTÖÐ KFUM OG KFUK Í VATNASKÓGI

Æskulýðsmiðstöð KFUM og KFUK í Vatnaskógi, Skógarmenn KFUM, eru sjálfstæð starfsstöð innan KFUM og KFUK á Íslandi og hefur verið starfrækt frá 1923.

Í svari Skógarmanna kemur fram að reksturinn hafi verið í járnum síðustu ár, m.a. vegna viðhalds fasteigna. Skógarmenn hafa fengið árlegan styrk frá ríkinu til starfseminnar, en einnig hefur Þjóðkirkjan, Barnamenningarsjóður og Íþróttasjóður veitt styrki (framlög þeirra síðarnefndu nema í heild um 2,5 m.kr. á tímabilinu öllu).

Skógarmenn hafa á hverju ári sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu greinargerð um notkun styrksins sem þeir fá skv. fjárlögum. Samkvæmt svari þeirra við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar hefur öll styrkfjárhæðin runnið til verkefna fyrir ungt fólk. Annars vegar er þar um að ræða útgáfu og þróunarstarf og hins vegar áhalda- og efniskaup. Samkvæmt svarinu hefur styrkurinn ekki verið notaður til þess að mæta rekstrar- og stjórnunarkostnaði.

Taflan að neðan sýnir fjölda þátttakenda í sumarstarfi og fermingarnámskeiðum í Vatnaskógi. Þessu til viðbótar mæta á hverju ári um 1000–1500 manns á fjölskylduhátið Skógarmanna. Fjölmargir aðrir hópar leggja leið sína í Vatnaskógi þegar haldin eru mótt á þeirra vegum. Árlega dvelja því samtals 6500–7000 manns í Vatnaskógi og eru það að stærstum hluta börn og unglingsar.

3.6 Fjöldi þátttakenda í Vatnaskógi

	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
SUMARSTARF	1.316	1.111	947	1.200	1.055	1.053	1.001	1.184	1.102	1.140
FERMINGARHÓPAR	1.800	1.900	2.177	2.007	2.246	2.345	2.516	2.332	2.328	2.120
SAMTALS	3.116	3.011	3.124	3.207	3.301	3.398	3.517	3.516	3.430	3.260

Þeir sem taka þátt í starfinu eru börn og ungmenni undir 25 ára aldri. Sumarstarfið er fyrir drengi á aldrinum 9–14 ára, en einnig er boðið upp á unglingastarf fyrir bæði kyn

og eru þátttakendur þar 13–18 ára. Í fermingarhópum er eins og gefur að skilja ungligar 13–14 ára sem sækja fermingarfræðslu í sínum söfnuði. Þeir sem sækja Vatnaskóg koma aðallega frá höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Suðurlandi og Reykjanesi, en einnig í litlu mæli frá Norðurlandi. Fermingarhóparnir koma hvaðanæva af landinu að Austurlandi undanskildu.

Um ábyrgð og ákvarðanatöku segir m.a. í svarinu að stjórn Skógarmana leggi störf sín fyrir félagsmenn á aðalfundi. Í stjórn sitja 7 einstaklingar og 2 varamenn, en sjálfboðaliðar séu fengnir til að taka þátt í starfinu og skipuleggja viðburði. Að stórum hluta er um að ræða sama fólk og starfar innan KFUM og KFUK á Íslandi. Svarinu fylgdi m.a. eftirfarandi tafla sem sýnir skiptingu þessa fólks eftir aldri en fjöldi þess hefur verið á bilinu 50–60 undanfarin ár:

3.7 Skógaremann KFUM stjórnendur eftir aldri										
	2001/2	2002/3	2003/4	2004/5	2005/6	2006/7	2007/8	2008/9	2009/10	2010/11
20 ÁRA OG YNGRI	6%	0%	0%	0%	8%	15%	20%	24%	25%	15%
21-30 ÁRA	22%	24%	24%	33%	33%	25%	29%	33%	41%	47%
31-40 ÁRA	67%	52%	43%	38%	33%	33%	29%	22%	14%	13%
ELDRI EN 40 ÁRA	6%	24%	33%	29%	26%	27%	23%	21%	20%	25%

Um mat á starfsemi Skógarmana KFUM er í svarinu vísað til þess sem fram kemur í svari KFUM og KFUM á Íslandi.

3.6 LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA

Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF) var stofnað árið 2004 sem regnhlífarsamtök fyrir æskulýðssamtök á Íslandi. Aðildarfélög eru frjáls félagasamtök sem starfa á landsvísu og vinna að hagsmunum og heill barna og ungmenna. Hlutverk sambandsins er að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum, að vera samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir íslensk æskulýðsfélög, að vera fulltrúar íslenskra ungmenna í ýmsu erlendu samstarfi og að vera í forystu í umræðu um æskulýðsmál. Markmið LÆF í samskiptum við hið opinbera er að vera tengiliður milli stjórnvalda og æskulýðsfélaga, vera tilnefningaraðili fulltrúa ungs fólks í nefndir, ráð og umræðuhópa um æskulýðsmál á vegum hins opinbera, upplýsa æskulýðsfélög um breytingar og þróun í stefnu stjórnvalda, og vera stjórnvöldum innan handar og til ráðgjafar um málefni íslenskrar æsku.

Æðsta vald í málefnum LÆF er sambandsþing en það skipa fulltrúar aðildarfélaganna auk stjórnar LÆF og á hvert félag rétt á þremur fulltrúum til setu á þinginu. Á Sambandsþingi er kjörin fimm manna framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn getur skipað vinnuhópa um ýmis málefni og/eða nefndir sem starfa þá á milli Sambandsþinga að ákveðnum málum.

Samkvæmt svari LÆF hefur verið breytilegt eftir árum hvernig kostnaður skiptist á milli rekstrar og stjórnar annars vegar og verkefna sem nýtast ungmennum beint hins vegar. Í svarinu er þannig tilgreint að kostnaður hafi skipst þannig hlutfallslega:

3.8 Skipting kostnaðar hjá LÆF

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
REKSTRAR- OG STJÓRN.KOSTN.	0%	76%	83%	55%	55%	79%
BEIN VERKEFNI	100%	24%	17%	45%	45%	21%

Í svarinu kemur fram að kostnaður vegna rekstrar og stjórnunar sé hátt hlutfall af heildartekjum, en það komi einna helst til vegna þess hversu litla fjármuni LÆF hefur haft úr að spila. Ljóst sé að eftir því sem LÆF stækki með fjölgun verkefna og aðildarfélaga muni skipting kostnaðar jafnast frá því sem verið hefur.

Aðildarfélög LÆF eru núna 24 talsins. Þetta eru m.a. félög sem starfa að alþjóðlegum ungmannaskiptum, námsmannafélög, bindindisfélög, kristileg félög og stjórnmálasamtök. Í svari LÆF kemur fram að sambandið haldi ekki utanum tölu félagsmanna í aðildarfélögnum. Einstaklingar geti ekki átt beina félagsaðild að sambandinu. Þá sé vert að taka fram að aðildarfélög LÆF haldi ekki öll tölu yfir sína félagsmenn. Í framhaldi af fyrirspurn Ríkisendurskoðunar óskaði LÆF eftir því að aðildarfélöginn gæfu upplýsingar um félagafjölda, aldursskiptingu og dreifingu eftir landsvæðum. Aðeins 5 félög hafi getað veitt umbeðnar upplýsingar en þau þjóna samtals 6231 ungmanni á aldrinum 6–25 ára og skiptist sjá fjöldi gráflega þannig að 2800 eru á höfuðborgarsvæðinu, 1900 á landsbyggðinni og um 1500 erlendis. LÆF tekur það fram að vegna dræmra svara gefi þessar tölur ekki glögga mynd af starfsemi sambandsins og fjölda ungmannna sem það þjónar. Þá segir einnig að LÆF berjist fyrir heildarhagsmunum ungs fólks á Íslandi og líti svo á að þjónusta þess nái til breiðari hóps en bara félaga í aðildarfélögnum.

Að því er varðar hlut ungs fólks í stefnumótun og ákvarðanatöku kom fram í svari LÆF að í samþykktum þess væri skýrt kveðið á um hvernig ákvarðanatöku innan félagsins skuli hártað. Hverju aðildarfélagi sé heimilt að tilnefna þrjá fulltrúa á sambandsþing, en þingið fer með æðsta vald í öllum málefnum sambandsins. LÆF setji ekki kvaðir á aðildarfélög sín um aldur fulltrúanna. Fulltrúaráð fer með æðsta vald í málefnum LÆF milli þinga og skal starfa í samræmi við samþykktir síðasta þings. Kjörgengi til stjórnar hafa allir félagsmenn fullgildra aðildarfélaga á aldrinum 18–35 ára. Fram kemur í svarinu að tilhneicing hafi verið að í fulltrúaráð og á sambandsþingum sitji að mestu leyti ungt fólk. Jafnframt kemur fram í svarinu að kynjahlutföll séu nokkuð jöfn þegar kemur að stjórnun. Á árabilinu 2004–2010 hafi 43% stjórnarmanna verið karlar og 67% konur, í fulltrúaráði hafi 52% verið karlar og 48% konur og fulltrúar á sambandsþingi hafi 44% verið karlar og 56% konur.

Um mat á árangri af starfsemi LÆF segir í svarinu að kannanir séu lagðar fyrir aðildarfélöginn í það minnsta einu sinni á hverju starfsári og þau beðin um að leggja mat á starf sambandsins og hvaða hlutverki það ætti að gegna. Niðurstöður séu nýttar við reglulega yfirferð á stefnu og markmiðum sambandsins, en stjórn LÆF sé stöðugt að skoða markmiðssetningu og stöðu sambandsins. Haldir sé utan um mætingu á viðburði eins og fulltrúaráðsfundi, sambandsþing og stjórnarfundi með það fyrir augum að fylgjast náið með þátttöku í starfi félagsins. Bent er á að aukin þátttaka í innri starfsemi sambandsins gefi til kynna að starfsemin sé stöðugt að vaxa. Þá er nefnt í svarinu að þátttaka í námskeiðum á vegum sambandsins hafi aukist sem og

heimsóknir á heimasíðu, lestar fréttabréfs og fyrirspurnir til skrifstofu. Einnig finni sambandið fyrir meiri vitund á meðal almennings og stjórnlvalda um starfsemi LÆF, beiðnum um umsagnir og nefndarsetu fjöldi, og þátttaka þess í alþjóðlegu starfi hafi aukist. Loks megi nefna að aðildarfélögum LÆF hafi fjöldað jafnt og þétt frá stofnun þess.

Í svari LÆF við drögum að skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að samtökin leggi áherslu á mikilvægi allrar æskulýðssstarfsemi, jafnt með börnum sem ungmennum, en geri einnig kröfu um að framlög til málafloksins taki mið af margbreytilegu eðli æskulýðssstarfs, bæði hvað varðar eðli starfseminnar og þeim aldurshópum sem hún beinist að. Einnig að gætt sé jafnræðis og fullnægjandi stuðnings við þá ólíku aðila sem því sinna. Endurskoða ætti forgangsröðun ríkisins til frambúðar, þar sem stuðningur við æskulýðssstarf hljóti meira vægi samanborið við aðra svipaða málaflokka, t.d. kirkjustarf, íþróttastarf o.fl. Mikilvægt sé að framlög séu ákveðin á faglegum grundvelli, með árangursmat, gagnkvæma upplýsingagjöf og gegnsæi að leiðarljósi og fagnar LÆF þeirri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að slíkt sé reglan í málaflokknum á Íslandi. LÆF lýsir sig einnig reiðubúið til þess að taka þátt í frekari framþróun á því sviði og að leita leiða við að kortleggja betur raunverulega þátttöku og áhrif eftir aldri, kyni og búsetu í sambandinu og aðildarfélögum þess. Sömuleiðis lýsir sambandið sig tilbúið að taka þátt í samstarfi um að samræma árangursmælikvarða og viðhorfskannanir um starfsemi æskulýðssamtaka, um leið og það leggur áherslu á að slíkir mælikvarðar taki mið af sjálfstæði og sveigjanleika ólíkra samtaka í æskulýðssstarfi sem ekki megi sæta of mikilli miðstýringu.

LÆF vill einnig að fram komi að ekki sé fjárhagsstaða allra æskulýðssamtaka góð. Þannig berjist LÆF og aðildarfélög þess í bökkum hvað fjármagn varðar og lifi í mikilli óvissu um stuðning, svo mikilli að jafnan fari stór hluti starfsemi félaganna í að tryggja sinn eigin rekstrargrundvöll. Það komi niður á starfi með ungmennum og þeirri stefnumótun í æskulýðsmálum sem félögin byggja grundvöll sinn á. LÆF tekur einnig fram í umsögn sinni að óvissa um framlög til sambandsins komi verulega niður á stöðugleika og samfellu í rekstri og stefnumótun þess. Sú óvissa komi m.a. til vegna þess að engin framlög séu eyrnamerk sambandinu á fjárlögum og ráðist þau af ákvörðun fjárlaganefndar og ráðherra hverju sinni, sem aftur kalli á mikla vinnu við að tryggja viðunandi fjármögnun fyrir komandi rekstrarará.

LÆF vill taka undir þá athugasemd að óljóst sé hvað teljist vera æskulýðssstarf og hvað teljist vera íþróttastarf með ungmennum. Þessa óljósu aðgreiningu þurfi að hafa í huga þegar heildarframlög ríkisins til æskulýðsmála eru greind.

Að lokum bendir LÆF á það í umsögn sinni að á hinum Norðurlöndunum fái bæði starfsemi með börnum og með ungmennum víðtækan stuðning frá hinu opinbera og starfi æskulýðssamtök þar við mun minni rekstrarlega óvissu og betri fjárhagsstöðu en til að mynda LÆF og aðildarfélög þess. Vill LÆF taka undir ábendingar Ríkisendurskoðunar og óskar þess að skýrari umgjörð verði um framlög ríkisins til æskulýðsmála framvegis.

3.7 UPPLÝSINGAR ÚR ÁRSREIKNINGUM STYRKÞEGA

Öll félögin sem óskað var upplýsinga frá eru með aðrar tekjur en ríkisframlög. Hlutfall ríkisframlaga er hins vegar nokkuð breytilegt milli félaga. Hlutfall ríkisframlaga af rekstrartekjum LÆF er þannig um 86% á meðan hlutfallið var um 4% hjá þeim sem höfðu hlutfallslega mestar tekjur af öðru. Hlutfall ríkisframlaga af rekstrartekjum var svipað hjá UMFÍ, BÍS og KFUM og KFUK á árinu 2010, þ.e. um þriðjungur af tekjum þessara aðila. Ríkisframlagið skiptir máli fyrir öll félögin þótt það sé aðeins í tilfelli LÆF sem hægt er að segja að það ráði úrslitum um að hægt sé að halda uppi starfseminni. Í viðauka 3 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum félaganna fyrir 2009 og 2010.

UMFÍ hefur nokkra sérstöðu að því leyti að hreyfingunni er tryggð hlutdeild í ágóða af getspám. UMFÍ stendur þannig ásamt fleirum að rekstri Íslenskrar getspár sem rekur happdrættisleikina Lottó 5/38 og Víkingalottó, en síðarnefndi leikurinn er í samstarfi við norræn lottó- og getraunafyrirtæki. Íslensk getspá er sameign íþróttá- og ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) sem á 46,67%, Öryrkjabandalagsins sem á 40% og UMFÍ sem á 13,33%. Einnig stendur UMFÍ ásamt ÍSÍ, Knattspyrnusambandi Íslands, íþróttabandalagi Reykjavíkur og íþróttanefnd ríkisins að Íslenskum getraunum sem reknar eru sem sjálfseignarstofnun og rekur 5 getraunaleiki, þar af 2 hefðbundna seðla og leikina Eurotips, Eurogoals og Lengjuna. Íslensk getspá og Íslenskar getraunir eru tvö sjálfstæð félög en með einn framkvæmdastjóra og sér Íslensk getspá um rekstur Íslenskra getrauna samkvæmt samningi milli félaganna. Bæði félögin starfa samkvæmt lögum sem Alþingi hefur sett og veita þeim hvoru um sig einkaleyfi til getraunastarfsemi á sínu sviði. Með því að veita tilteknum aðilum slíkan einkarétt styðja stjórnvöld við starfsemi þeirra enda rennur hagnaður beggja félaganna til þeirra aðila sem standa að starfseminni. Tekjum UMFÍ af starfseminni er skipt á milli samtakanna og sambandsaðila þess eftir reglum sem um það gilda.

Nokkuð ólíkt er hvernig félögin sundurliða kostnað og ræðst það mest af eðli starfseminnar og þörfum stjórnenda þeirra fyrir upplýsingar. Almennt er ekki með góðu móti hægt að lesa úr ársreikningum þeirra hversu stórt hlutfall kostnaður sé annars vegar vegna stjórnunar og annars tengds kostnaðar, og hins vegar vegna verkefna sem snúa beint að ungmennum. Almennt má samt gera ráð fyrir að eftir því sem reksturinn er minni í sniðum sé hlutfall stjórnunar og annars fasts kostnaðar hærra.

Afkoma félaganna 2009 og 2010 var nokkuð breytileg, ýmist hagnaður eða tap. Ekkert félaganna var rekið með hagnaði bæði árin. Ársreikningar benda til þess að fjárhagsstaða styrkþega sé góð. Eignir eru meiri en skuldir og hlutfall eigin fjár flestra um og yfir 80%. Þrátt fyrir talsverðar skuldir UMFÍ er eiginfjárlutfall félagsins engu að síður um 30%.

Rétt er að hafa það hugfast að lítil félagasamtök hafa jafnan minna fjárhagslegt svigrúm til þess að mæta sveiflum í rekstri en þau sem stærri eru og oft má lítið út af bregða til að fjárhagsstaða þeirri versni á skömmum tíma. Þá fer iðulega hlutfallslega mikill tími stjórnenda lítilla félagasamtaka í fjároflun og þar af leiðandi minni tími til þess að huga að hinni eiginlegu kjarnastarfsemi.

Ársreikningar allra félaganna nema þess minnsta fyrir 2010 og 2009 voru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda (sbr. viðauka 3). Í öllum tilvikum hafa ársreikningar einnig verið yfirfarnir af félagskjörnum skoðunarmönnum. Fyrirkomulag endurskoðunar, þ.e. hvort keypt er endurskoðunarþjónusta, ræðst eins og gefur að skilja af umfangi starfseminnar.

4 FYRIRKOMULAG MÁLA ANNARS STAÐAR Á NORÐURLÖNDUM

Ríkisendurskoðun sendi fyrirspurn til systurstofnana sinna annars staðar á Norðurlöndum um hvort þær hefðu gert úttekt á stuðningi stjórnvalda með æskulýðsstarfsemi og eftirliti með styrkeitingum til hennar. Aðeins í Noregi og Færeyjum höfðu úttektir af þessu tagi verið gerðar á undanförnum árum.

FYRIRKOMULAG Á ÚTHLUTUN STYRKJA Í NOREGI VIRÐIST SVIPAÐ OG Á ÍSLANDI

Árið 2011 gerði norska ríkisendurskoðunin (*Riksrevisjonen*) úttekt fjárstuðningi ríkisins við æskulýðssamtök. Norsk stjórnvöld styðja við bakið á æskulýðsstarfsemi með rekstrarstyrkjum. Tilgangur aðstoðarinnar er að stuðla að þátttöku ungmenna í slíkri starfsemi og er lögð áhersla á að hún sé vettvangur fyrir lýðræðislega stjórnarhætti („*sikre organisjonene som arena for medbestemmelse og demokrati*“). Árið 2010 fengu alls 81 samtök rekstrarstyrki. Framlaginu er ráðstafað af sérstakri nefnd (*Fordelingsudsvalget*), en hægt er að kæra ákváðanir hennar til ráðuneytis. Í gildi eru reglur um stuðninginn og um fyrirkomulag úthlutana. Auk fjármuna sem úthlutað er með þessum hætti fá nokkur landssamtök æskulýðsfélaga föst framlög, en það eru *Landsrådet for Norges barne- og ungdomsorganisasjoner* (LNU), *Ungdom & Fritid, Unge Funksjonshemmede* og verkefnið *Mangfold og Inkludering*.

Endurskoðunin leiddi í ljós að umsækjendur um styrki höfðu greiðan aðgang að upplýsingum um úthlutanir og að afgreiðsla umsókna var í lagi. Fram kemur að eitt af því sem haft er til hliðsjónar við úthlutun styrkja sé hvort viðkomandi samtök gefi félagsmönnum sem eru yngri en 15 ára tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri innan samtakanna og hafa þar áhrif. Séu ekki ákvæði um slíkt í lögum og samþykktum samtakanna er styrkur veittur með fyrirvara um að á næsta landsfundi samtakanna verði ráðin bót þar á.

Stjórnvöldum í Noregi er uppálagt að hafa eftirlit með því hvernig styrkjum er ráðstafað. Eftirlitið er bæði í höndum skrifstofu úthlutunarnefndarinnar og endurskoðenda viðkomandi samtaka. Eftirlit skrifstofunnar er byggt á áhættugreiningu en samt þannig að öll samtök eru skoðuð í það minnsta á fjögurra ára fresti. Nýir aðilar sem fá úthlutun eru skoðaðir áður en styrkur er greiddur til þeirra. Niðurstaða norsku ríkisendurskoðunarinnar eftir að hafa athugað fyrirkomulag eftirlitsins var að það væri í aðalatriðum í lagi en að betur mætti skjalfesta áhættugreiningar og val á aðilum sem eru skoðaðir. Einnig væri ástæða til að hafa betra eftirlit með að fyrirkomulag bókhalds væri í lagi, s.s. að fullgild bókhaldskerfi væru notuð. Einnig var vakin athygli á því að stjórnvöld hefðu ekki mælikvarða á hvort markmið styrkeitinga næðust og að mat þeirra á árangri styrkeitinga lægi ekki fyrir.

Færeyska landsendurskoðunin (*Landsgrannskoðanin*) endurskoðaði styrkveitingar til ýmissa samtaka árið 2007. Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutar styrkum til ýmissa aðila, þ.m.t. æskulýðssamtaka. Stór hluti styrkveitinga er fjármagnaður með tekjum af hlut Færeyinga í getspám A/S *Danske Spil*. Tekjur og gjöld vegna þessa eru færð í gegnum landssjóðinn. Ákvæði í lögum kveða á um að 60% af tekjunum skuli renna til íþróttamála en 20% til æskulýðsmála á vegum *Føroya Ungdómsráð* (FUR) og 20% sér ráðuneytið sjálft um að ráðstafa til samtaka á sviði æskulýðsmála. Landsendurskoðunin gagnrýndi að stjórnvöld hefðu ekki sett skýrar reglur sem kveða á um kröfur um reikningshald og endurskoðun hjá þeim aðilum sem fá framlög. Vísað var til þess að bæði í Danmörku og á Grænlandi væru slíkar reglur í gildi, t.d. um styrkveitingar á vegum *Dansk Ungdoms Fællesråd*.

Ýmis ákvæði eru í gildi um úthlutanir hjá FUR. Þannig skulu styrkþegar m.a. hafa ákveðinn lágmarksfjölda félagsmanna (ýmis 10 eða 50), innheimta félagsgjald sem sé minnst 100 færeyskar krónur á ári og tryggi að félagsmenn geti haft áhrif á stjórnun félagsins. Með umsókn um styrk þurfa m.a. að fylgja endurskoðaður ársreikningur og fjárhags- og starfsáætlun fyrir komandi ár. Einnig þurfa að fylgja henni félagatal eða staðfesting endurskoðanda á fjölda félagsmanna. Í reglum um úthlutanir á vegum færeyska mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru talin upp ýmis verkefni sem eru styrkhæf. Þá er tekið fram að til þess að verkefni sé styrkhæft þurfi minnst 75% þátttakenda eða þeirra sem njóta styrksins að vera 25 ára og yngri. Gerð er krafa um að endurskoðaðir reikningar séu lagðir fram innan 3ja mánaða frá því að verkefni lýkur.

Í FÆREYJUM ÞURFA
FÉLÖG M.A. AÐ SÝNA
FRAM Á FJÖLDA
FÉLAGSMANNA

VIÐAUKI 1 AÐILAR SEM VEITTU UPPLÝSINGAR UM RÁÐSTÖFUN FRAMLAGA

Eftirtaldir aðilar fengu beiðni um að veita upplýsingar um starfsemi sína og ráðstöfun framlaga frá ríkinu:

Ungmennafélag Íslands	Sigtúni 42, 105 Reykjavík
Bandalag íslenskra skáta	Hraunbæ 123, 110 Reykjavík
Útilífsmiðstöð skáta Úlfliðsvatni	Úlfliðsvatni, 801 Selfoss
Landssamband KFUM og KFUK	Holtavegi 28, 104 Reykjavík
Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi	Holtavegi 28, 104 Reykjavík
Æskulýðsráð ríkisins (bt. menntamálaráðuneytis)	Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík
Æskulýðsrannsóknir (bt. menntamálaráðuneytis)	Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík
Æskulýðssjóður (bt. menntamálaráðuneytis)	Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík
Æskulýðsmál (bt. menntamálaráðuneytis)	Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík
Landssamband æskulýðsfélaga - LÆF	Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík

VIÐAUKI 2 FRAMLÖG TIL ÆSKULÝÐSMÁLA 2001-2010 EFTIR STYRKPEGUM

Framlög til æskulýðsmála 2001a

STYRKPEGAR	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	SAMTALS
REKSTRARKOSTNAÐUR	265.338	427.098	2.030.087	2.766.731	2.182.870	1.832.437	1.846.225	2.596.155	3.303.199	2.913.538	20.163.678
STYRKUR											
AFS Á ÍSLANDI	475.000	710.000	1.060.000	1.260.000	1.000.000		2.000.000	2.000.000	2.350.000	50.000	10.905.000
ALPJÓÐAHÚSÍÐ							150.000				150.000
ALPJÓÐLEGAR SUMARBÚÐIR BARNA	100.000				200.000		150.000			100.000	550.000
AUS - ALPJÓÐLEG UNGMENNASKIPTI	300.000	225.000	80.000			300.000					905.000
BANDALAG ÍSLENSKRA NÁMSMANNA						450.000					450.000
BANDALAG ÍSLENSKRA SÉRSKÓLANEMA	100.000	175.000	100.000								375.000
BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA	12.525.000	15.500.000	19.000.000	17.595.000	18.440.000	22.635.000	25.950.000	36.600.000	34.950.000	30.325.000	233.520.000
BARNASTÚKAN ÆSKAN				30.000		30.000	30.000				90.000
BINDINDISFÉLAG ÖKUMANNA	150.000	170.000	150.000	100.000							570.000
BISKUPSTOFA, FRÆDSLUSVÍÐ				350.000							350.000
BÍS, NY-UNG, KFUM OG K, UMFÍ OG UNG-BLIND							1.500.000				1.500.000
BJÖRGUNARSVEITIN KLAKKUR				250.000							250.000
BLINDRAFÉLAGID	150.000	290.000	245.000	150.000		85.000					920.000
BÓKAUTGÁFAN HÓLAR							1.000.000				1.000.000
BRASÍLÍUVERKEFNIÐ - SNORRASJÓÐUR								500.000			500.000
BRAUTIN - BINDINDISFÉLAG ÖKUMANNA							200.000				200.000
EÍDA - VALLANES- OG VALPJÓFSSTADARPRESTAKALL					150.000						150.000
EVROPA UNGA FÓLKSIÐ, VALNEFND								200.000			200.000
FÉLAG FAGFÓLK'S ÍFRÍTÍMAPJÓNUSTU						800.000	800.000			1.000.000	2.600.000
FÉLAG FRAMHALDSSKÓLANEMA		200.000		250.000							450.000
FÉLAG HEYRNARLAUSRA, FYRIR HÖND PUTTALINGA								600.000			600.000
FÉLAG ÍPRÓTTA- ÆSKULÝÐS- OG TÓMST.FULLTRÚA								20.000			20.000
FÉLAG UNGRA FRAMSÓKNARMANNA						150.000					150.000
FLENSborgarskóli - Nemendafélag									100.000		100.000
FORLAGID									52.290		52.290
FRÆDSLUSETRÍÐ LÖNGUMÝRI						125.000					125.000
GAMLA APÓTEKIÐ V/FUNDAR UNGMENNNAHÚSA			150.000								150.000
GLERBROT ÆSKULÝÐSFÉLAG OG KLAKKUR SKÁTAFÉLAG							230.000				230.000
HAMRAR, ÚTÍLÍS- OG UMHVERFISMÍÐSTÖÐ SKÁTA					300.000						300.000
HÁSKOLINN Á AKUREYRI								350.000			350.000
HÉRADSSAMB. SKARPHÉDINN HSK					300.000						300.000

HÉRADSSAMBAND VESTFIRDINGA						200.000	250.000				450.000
HÉRADSSAMBANDID SKARPHÉDINN					300.000						300.000
HITT HÚSID								100.000			100.000
HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR										50.000	50.000
HJÁLPARSTOFNUN KIRKJUNNAR						175.000					175.000
HJÁLPRÆDISHERINN	200.000	230.000	200.000	100.000	200.000	80.000			100.000	1.110.000	
HUGARAFL/UNGHUGAR									400.000	400.000	
HÚSAVÍKURKIRKJA					200.000					200.000	
HÚSFÉLAGIÐ - SAMSTARF UNGMENNNAHÚSA		0	200.000								200.000
HVÍTASUNNUKIRKJAN			3.000.000	3.000.000	2.000.000	4.000.000	6.100.000	2.000.000	2.000.000		22.100.000
HVÍTASUNNUKIRKJAN FÍLADELFÍA				2.000.000				2.000.000			4.000.000
IÖNNEMASAMBAND ÍSLANDS				4.000.000	5.650.000	5.735.212	6.200.000	3.800.000			25.385.212
IOGT		100.000	90.000	70.000		80.000	30.000			134.000	504.000
ÍSAFJARDARBÆR					500.000						500.000
ÍSLENSKRÍ UNGTEMPLARAR			50.000								50.000
KALAK, VINAFÉLAG ÍSLANDS OG GRÆNLANDS						1.000.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.000.000	6.500.000
KFUM OG KFUK			60.000		190.000	1.550.000	375.000	1.930.000	9.480.000	1.510.000	15.095.000
KÍÐAGIL, SKÓLABÚÐIR								4.000.000	4.000.000		8.000.000
KIRKJUMÍÐSTÖÐIN VIÐ VESTMANNSVATN							1.000.000				1.000.000
KJALARNESPING							270.000				270.000
KRISTILEG SKÓLASAMTÖK				150.000	350.000	450.000		200.000	100.000		1.250.000
KRISTILEGA SKÓLAHREYFINGIN	300.000	320.000	200.000	150.000				200.000	150.000	50.000	1.370.000
KRISTILEGT STÚDENTAFÉLAG				100.000			60.000	100.000			260.000
KRISTNIBODSFÉLAG UNGS FÓLKΣ						75.000					75.000
KROSSINN						2.000.000	2.500.000	2.000.000	2.000.000		8.500.000
KRUNG, KRISTNIBODSFÉLAG UNGS FÓLKΣ						100.000					100.000
LANDSMÓTSNEFND LANDSMÓTS UMFÍ Á AKUREYRI									500.000		500.000
LANDSSAMBAND GÍDEONFÉLAGA							500.000				500.000
LANDSSAMBAND KFUM OG KFUK	11.000.000	15.000.000	25.000.000	26.740.000	23.260.000	25.000.000	25.000.000	32.600.000	33.600.000	30.200.000	247.400.000
LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA						1.640.000	3.025.000	4.825.000	5.000.000	6.250.000	5.130.000
LEIKHÓPUR HÁTEIGSSKÓLA									100.000		100.000
MÍÐBORGARSTARF KFUM & K OG PJÓÐKIRKJUNNAR				350.000	250.000						600.000
NÁMSGAGNASTOFNUN								3.000.000		1.300.000	
NORRÆN SAMTÖK UM UNGMENNASTARF NSU		1.100.000	1.200.000	1.500.000							3.800.000
NORRÆNA FÉLAGIÐ, NORDKLÚBBURINN							200.000				200.000
NÝ KYNSLÓÐ							100.000				100.000
NÝ-UNG, UNGMENNASTARF SJÁLFSBJARGAR	150.000		125.000			155.000					430.000
ÓSUNDURGREINT	1.625.000	2.055.000									3.680.000
PUTTALINGAR, CONGRESS-REYKJAVÍK							300.000				300.000
RANNSÓKNIR OG GREINING										300.000	300.000
RAUDI KROSS ÍSLANDS					550.000	125.000			700.000	1.850.000	3.225.000
REYKJAVÍKUR ÁKADEMÍAN										150.000	150.000
ROYAL RANGERS, SKÁTASTARF Í REYKJAVÍK							2.000.000				2.000.000
SAMBAND ÍSLENSKRA FRAMHALDSSKÓLANEMA								2.150.000	6.000.000	6.400.000	14.550.000

SAMBAND ÍSLENSKRA ÆSKULÝÐSFÉLAGA/UNGME				650.000							650.000
SAMFÉS					250.000			1.100.000	400.000	1.160.000	2.910.000
SAMRÁDHÓPUR UNGLIÐAHREYFINGA				100.000							100.000
SKÁTAFÉLAGID ÁRBÚAR										60.000	60.000
SKÁTAFÉLAGID FAXI						100.000					100.000
SKÁTAFÉLAGID FOSSBÚAR					100.000						100.000
SKÁTAFÉLAGID HEÐABÚAR					200.000						200.000
SKÁTAFÉLAGID HÉRADSBÚAR										125.000	125.000
SKÁTAFÉLAGID HRAUNBÚAR				100.000			120.000		100.000	320.000	
SKÁTAFÉLAGID KLAKKUR									500.000	350.000	850.000
SKÁTAFÉLAGID KÓPAR					50.000					450.000	500.000
SKÁTAFÉLAGID LANDNEMAR										50.000	50.000
SKÁTAFÉLAGID SEGULL										100.000	100.000
SKÁTAFÉLAGID SKJÖLDUNGAR									250.000	150.000	400.000
SKÁTAFÉLAGID VÍFILL							300.000	150.000			450.000
SKÁTAFÉLAGID ÆGISBÚAR				100.000			1.200.000	120.000	300.000		1.720.000
SKÁTAFÉLAGID ÖRNINN, ÆSKULÝÐSTARF SETBERGSPRESTAKALLS									50.000		50.000
SKÁTASAMBAND NORDURLANDS						150.000					150.000
SKÁTASAMBAND REYKJAVÍKUR									800.000	550.000	1.350.000
SKEGGJASTADAKIRKJA				200.000							200.000
SKÓGARVINIR KFUM OG K				275.000							275.000
SKÓLABÚÐIR REYKJASKÓLA					1.500.000		2.000.000				3.500.000
SLYSAVARNAFÉLAGID LANDSBJÖRG	200.000	230.000	200.000	250.000							880.000
SNORRAVERKEFNIÐ		4.900.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	2.000.000	9.000.000	3.500.000	4.000.000		38.400.000
SUMARBÚÐIRNAR ÁSTJÖRN		100.000									100.000
UNGIR SÓSÍALISTAR			20.000								20.000
UNGLIÐAHÓPUR SAMTAKANNA 78						200.000			240.000		440.000
UNGMEÐNA- OG ÍÞRÓTTASAMBAND ÁUSTURLANDS						200.000			300.000		500.000
UNGMEÐNADEILDIN BIRTA							20.000				20.000
UNGMEÐNAFÉLAG EYRARBAKKA										100.000	100.000
UNGMEÐNAFÉLAG ÍSLANDS	23.525.000	42.000.000	52.000.000	67.200.000	64.000.000	92.600.000	121.600.000	123.400.000	120.900.000	105.100.000	812.325.000
UNGMEÐNASAMBAND KJALARNEPINGIS										150.000	150.000
UTANSKÓLARANNSÓKN - UNGT FÓLK 2009 UTAN SKÓLA								500.000			500.000
ÚTILÍFSMIÐSTÓÐ SKÁTA ÚFLIÐOTSVATNI	2.000.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	4.000.000	3.900.000	4.000.000	3.600.000	25.000.000
VEGAHÚSÍÐ Á EGILSSTÓÐUM - UNGMENNNAHÚS							800.000				800.000
PJÓÐRÆKNISFÉLAG ÍSLENDINGA										350.000	350.000
ÆSKR OG ÆSKKEY						100.000					100.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG DÓMKIRKJUNNAR						225.000					225.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG GRUNDARFJARDARKIRKJU					250.000						250.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG HAFNARFJARDARKIRKJU					200.000						200.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG HIALLAKIRKJU									150.000		150.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG HOFSPRESTAKALLS									250.000		250.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG HÓLMAVÍKURKIRKJU				180.000							180.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG KEFLAVÍKURKIRKJU								500.000	240.000		740.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG LANDAKIRKJU OG KFUM				225.000							225.000

ÆSKULÝÐSFÉLAG LÁGAFELLSKIRKJU						110.000					110.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG REYKHÓLAKIRKJU						150.000					150.000
ÆSKULÝÐSFÉLAG VOPNAFJARDARKIRKJU						100.000					100.000
ÆSKULÝÐSFÉLAGIÐ MEME							300.000				300.000
ÆSKULÝÐSMIÐSTÖÐ KFUM í VATNASKÓGI	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	1.500.000	4.000.000	3.900.000	4.000.000	3.600.000	24.500.000
ÆSKULÝÐSNEFND KJALARNESSPRÓFASTSDÆMIS				280.000							280.000
ÆSKULÝÐSRANNSÓKNIR	100.000	180.000	2.341.000	2.275.000	975.000	3.331.000	7.370.000	5.270.000	7.867.000	4.000.000	33.709.000
ÆSKULÝÐSRÁÐ RÍKISINS			300.000								300.000
ÆSKULÝÐSSAMBAND ÍSLANDS				350.000							350.000
ÆSKULÝÐSSAMBAND KIRKJUNNAR Í EYJAFJARDARPRÓFASTSDÆMI								250.000			250.000
ÆSKULÝÐSSAMBAND KIRKJUNNAR Í REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMUM					240.000	100.000		650.000		100.000	1.090.000
ÆSKULÝÐSSAMBAND ÞJÓÐKIRKJUNNAR						500.000	1.200.000	2.350.000	1.500.000	570.000	6.120.000
ÆSKULÝÐSTARF KIRKJUNNAR Í REYKJAVÍK		200.000	175.000								375.000
ÆSKULÝÐSTARF ÞJÓÐKIRKJUNNAR	200.000										200.000
ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN								800.000	2.200.000		3.000.000
SAMTALS	54.865.338	87.112.098	115.776.087	140.621.731	132.552.870	174.848.649	235.781.225	250.638.445	255.960.199	202.867.538	1.651.024.180

VIÐAUKI 3 LYKILTÖLUR UM REKSTUR OG EFNAHAG STÆRSTU STYRKÞEGA

FJÁRHÆDIR Í PÚS.KR.	UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS (UMFÍ) ¹⁾		BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA (BÍS)		ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA ÚLFLIJÓTSVATNI		KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI		SKÓGARMENN KFUM		LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA (LÆF)		
	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2009	2010	2010	2009
REKSTUR STYRKÞEGA (TEKJUR OG GJÖLD)													
REKSTRARTEKJUR	348.219	368.931	87.345	295.280	50.018	74.276	96.150	95.541	87.917	82.538	5.955	7.195	
REKSTRARGJÖLD	334.839	391.189	90.200	234.227	51.538	51.157	93.085	97.302	85.423	85.574	6.482	5.946	
FJÁRMAGNSLÍÐIR	-11.846	-4.884	1.680	2.045	0	0	9.336	-8.569	-904	954	99	151	
HLUTDEILD Í AFKOMU DÓTTURFÉLAGA			-5.059	6.544									
AFKOMA	1.534	-27.141	-6.234	69.642	-1.520	23.119	12.401	-10.331	1.589	-2.083	-428	1.400	
RÍKISFRAMLAG	117.800	129.700	30.200	33.620	3.600	4.000	30.200	33.600	3.600	4.000	5.130	6.250	
HLUTFALL RÍKISFRAMLAGS AF REKSTRARTEKJUM	33,8%	35,2%	34,6%	11,4%	7,2%	5,4%	31,4%	35,2%	4,1%	4,8%	86,2%	86,9%	
FJÁRHAGSSTAÐA STYRKÞEGA (EIGNIR OG SKULDIR)													
EIGNIR	275.269	304.623	188.592	208.486			548.156	571.192	94.926	96.164	1.276	1.892	
SKULDIR	184.479	215.367	23.648	37.308	51.335	50.490	89.632	86.552	13.014	11.788	115	303	
EIGIÐ FÉ	90.791	89.257	164.944	171.179			458.524	484.639	81.912	84.376	1.161	1.589	
EIGINFJÁRLUTFALL	33,0%	29,3%	87,5%	82,1%			83,6%	84,8%	86,3%	87,7%	91,0%	84,0%	
SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS (ÁBYRGÐARSKULDB.)	8.500	11.500	50.100	49.700			0	0	0	0	0	0	
ENDURSKOÐUN Á ÁRSREIKNINGUM													
ENDURSKOÐAÐ AF LÖGGILTUM ENDURSKOÐANDA	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ			JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	NEI	NEI	
FYRIRVARALAUS ÁRITUN ENDURSKOÐANDA	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ			JÁ	JÁ	JÁ	JÁ			
ENDURSK. AF FÉLAGSKJÖRNUM SKODUNARMÖNNUM	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ			JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	
FYRIRVARALAUS ÁRITUN SKODUNARMANNS/MANNA	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ			JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	JÁ	

¹⁾ ADALSJÓDUR OG AÐRIR SJÓÐIR